

SHAUÐÖR
skoðun 14



SÉRBLAÐ
í Fréttablaðinu
Allt



Europpris
ÓDÝRT FYRIR ALLA!

Nýr tilboðsbæklingur í dag

FRÉTTABLAÐIÐ

Miðvikudagur

13. október 2010
240. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI



Tappar af Jakobi

Dórunn E. Valdimarsdóttir
leggur drög að ævisögu
Jakobs Frímanns.

Fólk 30



Tap gegn Portugal

Ronaldo og félagar tóku
öll stigin með sér úr
Laugardalnum.

Sport 26



BROSTNAR VONIR

Hávær trommusláttur ómaði um miðborgina þegar ríkisstjórnin fundaði í Stjórnarráðinu í gær. Þar mótmæltu um 50 manns og viðruðu óánægju sína með aðgerðarleysi ríkisstjórnarinnar í skuldamállum heimilanna og aðkomu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Mótmælin fóru fríðsamlega fram. Nóttina áður handtók lögreglan hins vegar ólvaðan mann sem brotið hafði átta rúður í Stjórnarráðshúsinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Sýking veldur kjúklingaskort

Mikill skortur er á kjúklingi í verslunum landsins. Ástæðan er skæð salmonellusýking sem herjaði á kjúklingabú í sumar. Framleiðendur segja nóg til af kjúklingi. Framkvæmdastjóri Bónuss segir búðirnar tómar.

NEYTENDUR Kjúklingaskortur er í verslunum á landinu sökum salmonellusýkingar sem herjaði á kjúklingabændur fyrr á þessu ári. Einnig hefur nú komið upp kamfýlóbaktærsýking á búum. Ekki þarf að farga þeim fuglum eins og þeim sem sýkjast af salmonellu. Kjöttið er fryst og síðan selt í verslanir.

Guðmundur Marteinsson, framkvæmdastjóri Bónuss, segir ástandið slæmt. „Það er gríðarlegur skortur,“ segir Guðmundur. „Það má segja að framleiðendur hafi ekki náð í skottið á sér eftir þau skakkaföll sem fylgdu salmonellunni í sumar.“

Meðhöndlun kjúklings

Salmonellu- og kamfýlóbaktærsýkingar í kjúklingi drepast við matreiðslu á kjöttinu og verða þar með skaðlausar. Varast skal að láta hráa kjúklinga snerta annan mat. Fyllsta hreinlætis skal gæta og þvo áhöld strax eftir notkun.

Kristinn Skúlason, framkvæmdastjóri Krónunnar, tekur undir orð Guðmundar og segist einnig hafa orðið var við kjúklingaskort. „Þetta er vandamál og hefur farið ört vax-

andi á síðustu þremur til fjórum mánuðum.“ Matthías Hannes Guðmundsson, framkvæmdastjóri Reykjagarðs, og Helga Lára Hólm, framkvæmdastjóri Ísfugls, segja þó bæði að enginn skortur sé og fyrirtækin hafi getað afgreitt allar pantanir eins og þau séu vön.

Framkvæmdastjóri Bónuss segir að það sé með ólíkindum að framleiðendur skuli halda því fram.

„Fyrst þeir halda þessu fram geta viðskiptavinir vitnað um þetta. Þetta er hlægilegt, búðirnar eru meira og minna tómar.“

Mikill samstarfsvilji á fundi þingmanna úr öllum flokkum segir forsætisráðherra:

Þarf að skila sér í aðgerðum

STJÓRN MÁL „Á fundinum komu fram margar athyglisverðar hugmyndir um hvernig hægt sé að vinna að þessum málum,“ sagði Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra, eftir fund með um 30 þingmönnum allra flokka í Þjóðmenningarhúsinu í gærkvöldi.

„Þarna var mikill samstarfsvilji og ég vona að hann skili sér í aðgerðum fyrir fólk, það er það sem mestu skiptir,“ segir

Þarna var mikill samstarfsvilji og ég vona að hann skili sér í aðgerðum fyrir fólk.

JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR
FORSÆTISRÁÐHERRA

Jóhanna. Hún segir að til standi að koma brýnum aðgerðum í gegn

strax í þessari viku, en aðrar aðgerðir geti tekið lengri tíma.

Ræða á hugmyndir um almenna niðurfærslu á skuldum á fundi í dag með fulltrúum banka, Íbúðalánasjóðs og Lífeyrissjóða, auk hagsmunaaðila heimilanna, segir Jóhanna. Hún segir að ná þurfi samfélagslegri sátt um það mál, en erfitt sé að segja til um hversu langan tíma það geti tekið.

- bj / sjá síðu 6



Borgarleikhúsið í samstarfi við GRAL



FJÓRAR NÝJAR HERRAMANNABÆKUR!



www.forlagid.is



ÚTSALA ÚTSALA

Flottar vörur
á frábæru verði!

Skelltu þér í Smáralind og njóttu þess að gera góð kaup á útsölnni 13.-24. október. Allar verlanir eru fullar af frábærum tilboðsvörum fyrir þig og alla sem þig langar að gleðja.

Sjáumst í útsölnustuði í Smáralind!

GENGIÐ 12.10.2010

Table with columns: GJALDMÍÐLAR, KAUP SALA. Rows include Bandaríkjadalur, Sterlingspund, Evra, Dönsk króna, Norsk króna, Sænsk króna, Japanskt jen.

SDR 174,92 175,96

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 206,1003

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Avant leitar nauðasamninga: Bankinn taki félagið yfir

VIÐSKIPTI Héraðsdómur Reykjavíkur féllst í gær á beiðni bráðabirgða-stjórnar fjármögnunarframtækisins Avant um nauðasamninga.

Magnús Gunnarsson, forstjóri Avant, sagði í samtali við Vísi í gær fyrirtækið starfa með óbreyttum hætti.

Í tillögu að nauðasamningum felst að Nýi Landsbankinn taki félagið yfir og að helstu lánardrottinnar fái 5,6 prósent upp í kröfur sínar.

Gert er ráð fyrir að nauðasamningaferlið taki þrjú mánuði, að því er fram kemur í tilkynningu. - jab

Ákærður fyrir rán og þjófnað: Barði konu og rændi skarti

DÓMSMÁL Ríkissaksóknari hefur ákært karlmann fyrir rán, þjófnað og fleiri brot.

Manninum er gefið að sök að hafa í júlí í fyrra farið inn í hús í Reykjavík, barið þar konu og hótta henni lífláti til þess að ná af henni verðmætum. Hann hafði skartgrip í á brott með sér.

Þá er maðurinn ákærður fyrir þjófnað. Hann braust í félagi við fleiri inn í íbúð í Reykjavík. Þaðan var stolið tveimur MacBook fartölvum, sjónvarpsflakkara, Dell-tölvu og skartgripaskríní, samtals að verðmæti rúmlega 700 þúsund krónur. Á öðrum stað tók hann þátt í að stela þremur reiðhjólum, auk þess sem hann braut umferðarlög. - jss

STJÓRNSÝSLA

Eypór fiskistofustjóri

Sjávarútvegsráðherra hefur skipað Eypór Björnsson, forstöðumann fiskveiðistjórnunarsviðs Fiskistofu, fiskistofustjóra til fimm ára.

Íbúðalánasjóður á mun oft kröfu í heimili sem seld eru á nauðungaruppboði í ár en á síðasta ári:

Gerir kröfur í 39 prósentum uppboða


EFNAHAGSMÁL Íbúðalánasjóður á hlutdeild í flestum framhaldsuppboðum heimila, og hefur gert kröfu í ríflega 39 prósent af þeim eignum sem auglýstar hafa verið á framhaldsuppboði það sem af er ári, samkvæmt samantekt miðlunarframtækisins Creditinfo.

Hlutfallið hefur hækkað verulega frá síðasta ári. Á árinu 2009 átti Íbúðalánasjóður kröfu í tæplega 28 prósent þeirra eigna sem auglýstar voru á framhaldsuppboði.

Aukningin er einnig umtalsverð hjá öðrum kröfuhöfum, eins og

sjá má á meðfylgjandi mynd. Rétt er að benda á að tryggingarfélag gera yfirleitt kröfu vegna brunabótatryggingar og opinberir aðilar vegna fasteignagjalda, samkvæmt upplýsingum frá Creditinfo.

Framhaldsuppboð er síðasta uppboðið í nauðungaruppboðsferlinu, og endar með því að eignin sem boðin er upp er seld hæstbjóðanda. Upplýsingar Creditinfo byggja á auglýsingum um uppboð, en í sumum tilvikum tekst að semja um skuldirnar áður en uppboðið fer fram. - bj



Landið logaði í mótmælum

Milljónir Frakka héldu í gær út á götur og torg víðs vegar um landið til að mótmæla hækkun eftirlaunaaldurs. Þjóðlífið lamaðist á meðan. Öldungadeild þjóðþingsins hefur samþykkt hækkun eftirlaunaaldurs.

FRAKKLAND, AP Á meira en 200 stöðum í Frakklandi, í öllum helstu borgum og bæjum landsins, flyktist fólk út á götur og torg í gær til að mótmæla aðhaldsaðgerðum ríkisstjórnarinnar.

Mótmælin beindust aðallega gegn hækkun eftirlaunaaldurs um tvö ár og reyndu mótmælendur að lama allt mannlíf í landinu eftir bestu getu. Víða lögðust lestar- og flugsamgöngur niður, skólastarf lá víða niðri og pósthús voru lokað.

Starfsmenn olíuhreinsistöðva lögðu niður vinnu, sem vakti ótta um að skortur yrði á eldsneyti innan skamms. Þá þurftu nokkur hundruð ferðamenn frá að hverfa er þeir hugðust fara upp í Eiffel-

turninn. Hann verður þó væntanlega opnaður á ný á morgun.

Öldungadeild franska þjóðþingsins hefur samþykkt að hækka lágmarks eftirlaunaaldur úr 60 árum í 62, en til þess að fá óskertan lífeyri þarf fólk að biða til 67 ára aldurs samkvæmt nýju reglunum í stað 65 ára aldurs áður.

Nicolas Sarkozy forseti og hægrimenn á þingi segjast ekki eiga annarra kosta völ en skera mjög niður í ríkisrekstrinum vegna þess hve fjárlagahalli er mikill og hagvöxturinn regur.

Hækkun eftirlaunaaldurs er aðeins hluti þeirra aðhaldsaðgerða sem gripið verður til, en þingið er enn að ræða útfærslu



MÓTMÆLI Í MARSEILLE Fjöldi fólks tók þátt í mótmælum um allt Frakkland í gær. (NORDICPHOTOS/APP)

Aðhaldsaðgerðir í Evrópu

Infographic showing EU countries with numbers 1-8 and corresponding text boxes describing fiscal and political actions in France, Ireland, UK, Portugal, Spain, Germany, Italy, and Greece.

Heimild: Eurostat © GRAPHIC NEWS

Þeirra Sarkozy bendir á að jafnvel eftir breytingarnar verði Frakkland enn með lægri eftirlaunaaldur en víðast hvar þekkt.

Óánægjan í samfélaginu er engu að síður mikil.

„Ég held að stjórnin verði að hlusta á boðskap fólksins á götum og starfsfólks allra fyrirtækja landsins,“ segir Didier Musato, 53 ára málmverkamaður.

Margir þeirra sem engu að síður þurftu að komast til vinnu í gær, þegar almenningssamgöng-

ur lágu að mestu niðri, gripu til þess ráðs að fara á hjóli, línu-skautum eða jafnvel hjólabrettum.

Einn þeirra, Fuad Fazlic, 38 ára klæðskeri í París, sagðist hafa fullan skilning á mótmælaaðgerðunum. Hann hefði hins vegar lært sína lexíu strax árið 1995, þegar almenningssamgöngur í borginni féllu niður vegna verkfalls.

„Ég hef hjólað til vinnu allar götur síðan þá,“ sagði hann. (gudsteinn@frettabladid.is)

STJÓRNLAGAÞING KOSNINGAR 2010 Framboðsfrestur til hádegis 18. október Framboðum til stjórnlagabings skal skilað til landskjörstjórnar fyrir klukkan 12 á hádegi næstkomandi mánudag, 18. október. Nánari upplýsingar á kosning.is og landskjoir.is.

VEÐURSPÁ HEIMURINN Elísabet Margeisdóttir veðurfréttamaður. VÆTUSAMT VESTAN TIL Það verður heldur blautt um vestanvert landið næstu daga og dálítið hvasst, nokkuð dæmigert haustveður en hitinn verður hins vegar áfram með ágætum. Austan til verður veður að mestu þurr og vindur hægur.

MARGFALDIR VILDARPUNKTAR Í DAG OG Á MORGUN



Sæti á Saga Class GEFUR ÞREFALDA VILDARPUNKTA 27.000–48.600 og sæti á Economy Comfort GEFUR TVÖFALDA VILDARPUNKTA 13.200–23.670 þegar ferðast er á tímabilinu frá 1. nóvember til 10. desember.

AÐEINS TIL SÖLU Í DAG OG Á MORGUN
Nú er ekki til setunnar boðið nema þú grípir STRAX tækifærið. Sæti á þessu tilboði verða aðeins til sölu í dag, 13. okt., og á morgun, 14. okt.

SAGA CLASS: Bestu þægindi og þjónusta í einstaklega vönduðum og góðum sætum og fyrsta flokks aðstaða til að slaka á og vinna í góðu umhverfi. Fullkominn sveigjanleiki varðandi bókanir, breytingar og afpantanir.

ECONOMY COMFORT: Fjögur vönduð sæti í hverri röð, góð vinnuaðstaða um borð, tengill fyrir tölvu, máltíð án endurgjalds, innritun á borðum fyrir viðskiptafarrými og aðgangur að betri stofum Icelandair. Hentar vel til viðskiptaferða.

KJÖRKASSINN



Horfðir þú á U-21 leik Íslands og Skotlands?

Já 46%
Nei 54%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Bindur þú miklar vonir við komandi stjórnlagaþing?

Segðu skoðun þína á visir.is

Námumennirnir að losna úr þrífundinni eftir tveggja mánaða einangrun: Björgunaraðgerðir hafnar í Chile

CHILE, AP Björgunaraðgerðir hófust í Chile í gærkvöldi þar sem ferja átti námuverkamennina 33 sem hafa verið innilokaðir neðanjarðar í 69 daga, upp á yfirborðið. Heimsbyggðin hefur fylgst náið með framvindunni og voru til dæmis um tvö þúsund fjölmiðlamenn á vettvangi í gær.

Björgunaraðgerðir stóðu enn yfir þegar Fréttablaðið fór í prentun en hífa átti upp mennina hvern fyrir sig í þar til gerðu hylki.

Ráðgert var að ferðin upp á yfirborð jarðar tæki um 20 mínútur,

um 620 metra leið. Florencio Ávalos átti að verða sá fyrsti til að líta dagsins ljós, en verkstjórnin Lois Urzua mun reka lestina.

Mikil spennan hefur ríkt meðal aðstandenda námumanna undanfarna daga þar sem þeir bíða björgunarinnar fyrir ofan námuna. Andrúmsloftið hefur einkennt af harkalegum deilum um allt frá peningum, sem fást fyrir viðtöl við fjölmiðla, til ágreinings um það hver sé nógu náskyldur námumanni til að eiga heima í hópnum.

- gb, þj



ALLT AÐ VERÐA KLÁRT Björgunarmaður prófaði hylkið sem notað er til að bjarga námumönnum. NORÐICPHOTOS/AFP

Vopnað rán á Pizzunni: Ógnaði stúlku með hnífi

LÖGREGLUMÁL „Það stökk hérna inn maður og ógnaði starfsstúlku með hnífi og vildi peninga,” segir Guðmundur Arnfjörð, eigandi Pizzunnar í Núpalind í Kópavogi. Vopnað rán var framið á staðnum um tíu leytið í gær. Þjófurinn hafði um 20 þúsund krónur úr kafsínu. Að sögn Guðmundar var starfsmanninum að vonum brugðið en hann fékk áfallahjálp.

Myndavélakerfi er á staðnum og vonast Guðmundur til að myndir úr því nýttist lögreglunni til að leysa málið.

- kh

Skref í átt að lausn á skuldavandanum

Um helmingur þingmanna úr öllum flokkum sat fund um skuldavanda heimila og fyrirtækja í gær. Afar vel heppnaður fundur þar sem margar hugmyndir komu fram segir forsætisráðherra. Taka höndum saman um að leysa vandann.

STJÓRNMÁL Fundur um 30 þingmanna úr öllum flokkum í þjóðmenningarhúsinu í gærkvöldi markar spor í þá átt að stjórnmálaflokkarnir nái saman um að taka á skuldavanda heimila og fyrirtækja, segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra.

„Það hefur komið fram að þær aðgerðir sem gripið hefur verið til eru ekki fullnægjandi, og það sem meiru skiptir er að þær hafa ekki verið nýttar af þeim sem eru í miklum greiðsluvanda,” segir Jóhanna. Fundinn sátu þingmenn úr fjórum þingnefndum, auk fimm ráðherra.

„Menn voru sammála um að skerpa þurfi á þeim úrræðum sem í boði eru þannig að þau verði virkari, bæði hjá lánastofnum og umboðsmanni skuldara. Á fundinum komu fram margar athyglisverðar hugmyndir um hvernig hægt sé að vinna að þessum málum,” segir Jóhanna.

„Þarna var mikill samstarfsvilji og ég vona að hann skili sér í aðgerðum fyrir fólk, það er það sem mestu skiptir,” segir Jóhanna. Hún reiknar með að einhverjar aðgerðir verði samþykktar strax í þessari viku, til dæmis að stöðva innheimtuadgerðir strax hjá þeim sem leiti til umboðsmanns skuldara. Hún segir undirbúning fyrir aðrar aðgerðir taka lengri tíma.

Jóhanna segir þenn-

JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR

Þjóðarsátt þarf

Eygló Harðardóttir, þingmaður Framsóknarflokksins, segist ánægð með að fundurinn hafi verið haldinn og að ráðherrar hafi þar sýnt að þeir séu tilbúnir til að hlusta á það sem allir hafi haft fram að færa. Allir aðilar þurfi þó að koma að borðinu eigi að fara í almennar aðgerðir. „Það þarf að búa til nánast þjóðarsátt um það að taka á þessum skuldavanda.”

- þj

Vinna saman

Pétur Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, segir fundinn hafa verið málefnalegan. Hann segir ríkisstjórna á villigötum í mörgum málum, „en vandi heimilanna er svo brýnt mál að við verðum að taka höndum saman til að leysa hann. Ef það kemur svo einhver niðurstaða úr þessum fundum þá er það þess virði.”

- þj

Ekkert róttækt

Margrét Tryggvadóttir sat fundinn fyrir hönd Hreyfingarinnar og sagði hann hafa verið góðan. „Það var gott vinnuandrámsloft og það segir manni kannski að þetta er ekki alveg vonlaus. En ég varð þó fyrir smá vonbrigðum með að ekkert róttækt kom fram á fundinum, en það er það sem við þurfum.”

- þj

kostur Spörum og njótum lífsins

Opíð alla daga 10-20

Hana **Nú** Ferskur kjúklingur á tilboði á miðvikudögum

Kostur Ferskur kjúklingur **489 kr/kg** Aðeins 3 stk. á kórflu.

*Kjúklingurinn er nýslátraður í neytendaumbúðum

Dalvegur 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is
Opíð alla daga frá 10,00 til 20,00 | Sjáðu Kost á Facebook

Gildir meðan birgðir endast

FOOD SUPPLEMENT

Asphalia® for natural sleep

A blend of dry-milled wheat and barley leaves

30 capsules

Asphalia - Náttúrulegur svefn
Fæst í apótekum og heilsubúðum

ERTU MEÐ VIÐKVÆMA HÚÐ?

Finnur þú fyrir þurrki í leggöngum, kláða, sveppasýkingu eða færðu sár við notkun dömubinda?

Prófaðu þá Natracare lífrænar hreinlætisvörur, án klórs, ilm- og plastefna.

natracare LÍFRÆNAR HREINLÆTISVÖRUR

www.natracare.is

Tvær leiðir ræddar um 18 prósentu afskrift á fasteignalánum en báðar eru dýrar:

Flatar afskriftir kosta 220 milljarða

EFNAHAGSMÁL Ríkissjóður gæti þurft að leggja allt að 130 milljarða króna til Íbúðalánasjóðs, verði höfuðstóll íbúðalána lækkaður um átján prósent. Að öðrum kosti gætu lífeyrissjóðirnir þurft að taka á sig skell.

Fram kom í kvöldfréttum Ríkisútvarpsins í gær að verðtryggð húsnæðislán næmu 1.230 milljörðum króna. Flöt átján prósentu niðurfærsla á fasteignalánum kostaði 220 milljarða króna. Sé upphæðinni deilt niður á lánveitendur Íbúðalánasjóðs myndi það kosta bankana sextíu milljarða króna, lífeyrissjóðina þrjátíu og Íbúðalánasjóð 130.

Hjá Íbúðalánasjóði er verið að skoða tvær leiðir til að lækka höfuðstól íbúðalána og hvað þær muni kosta.

Ásta H. Bragadóttir, forstjóri Íbúðalánasjóðs, segir sjóðinn ekki geta tekið niðurfærsluna á sig. Sjóðurinn hafi engan afskriftasjóð sem geti tekið við skellinum. Annað hvort verði ríkið að leggja honum til það fjármagn sem upp á vanti eða að afskrifa skuldir sjóðsins á móti. Helstu lánardottnar Íbúðalánasjóðs eru lífeyrissjóðir landsins. „Endanlegir útreikningar liggja ekki fyrir, enda útfærslan ekki komin,” segir Ásta.

- jab



220 MILLJARÐAR Í AFSKRIFTIR Ef farið verður í flatar lánaafskriftir kostar það 220 milljarða. SAMSETT MYND

N1 kynnir tónlistarviðburð án hliðstæðu á Íslandi.

Jólagestur Björgvins

Miðasala hefst á
mánudag
kl. 10:00
á midi.is

Björgvin Halldórsson · Gissur Páll Gissurarson
Haukur Heiðar úr Diktu · Helgi Björns · Högni & Sigga úr Hjaltalín
Jóhanna Guðrún · Kristján Jóhannsson · Ragnhildur Gísladóttir
Valgerður Guðnadóttir

Hrynsveit Björgvins Halldórssonar skipuð landsþekktum hljóðfæraleikurum undir stjórn Þóris Baldurssonar
Karlakórinn Prestir undir stjórn Jóns Kristinns Cortez · Gospelkór Óskars Einarssonar · Barnakór Kárnesskóla

LAUGARDALSHÖLLIN ·
4. DESEMBER



HÖLLIN AKUREYRI
11. DESEMBER

Sérstakir gestir í Reykjavík:

Alexander Rybak · Summer Watson · Paul Potts

* Vinsamlegast athugið: Alexander, Paul og Summer koma eingöngu fram í Reykjavík.

N1

Viðskiptavinir N1 geta tryggt sér miða með 20% afslætti í sérstakri N1 forsölu sem hefst kl. 10:00 á föstudaginn og stendur til kl. 22:00 á sunnudaginn.

sena

TILBOÐ!

NÝTT BAÐ

Eitt flottasta úrval landsins


89.900 stgr

WLU 060A

Stærð: 120 x 50 cm
Innifalið í verði:
Allt settið nema blöndunartæki.



til
afgreiðslu
af lager



64.900 stgr

CT-55

Stærð: 55 x 50 cm Innifalið í verði:
Allt settið nema blöndunartæki



76.900 stgr

CT-75

Stærð: 75 x 50 cm Innifalið í verði:
Allt settið nema blöndunartæki



85.900 stgr

CT-85

Stærð: 85 x 50 cm Innifalið í verði:
Allt settið nema blöndunartæki



92.900 stgr

CT-95

Stærð: 95 x 50 cm Innifalið í verði:
Allt settið nema blöndunartæki



32.900 stgr

P-7197

Stærð: 55 x 32 cm Innifalið í verði:
spegill, handlaug og handlaugarskápur



24.900 stgr

P-7202

Stærð: 44 x 24 cm Innifalið í verði:
spegill, handlaug og handlaugarskápur



29.900 stgr

P-9042

Stærð: 46 x 26 cm Innifalið í verði:
spegill, hilla, handlaug og handlaugarskápur

ÞVOTTAHÚS innréttingar

Heil innrétting
fyrir þvottavél
og þurrkara

49.900 stgr



- fyrir þitt heimili

www.i-t.is

Opið virka daga frá kl. 09 - 18 • laugardaga kl. 11 - 15 | Ármúla 31, 108 Reykjavík, sími 588 7332 i-t@i-t.is

Jóhannes í Bónus hættur við kaup á þremur tískuvöruverslunum í eigu Haga:

Kaupir helmingshlut í SMS

VIÐSKIPTI Jóhannes Jónsson, löngum kenndur við Bónus, hefur hætt við kaup á tískuvöruverslunum Zöru, Topshop og All Saints.

Hagar reka verslanirnar þrjár og ætla að gera það áfram þrátt fyrir persónuleg tengsl eigenda viðkomandi umboða við Jóhannes og fjölskyldu hans. Þegar hefur verið ákveðið að selja matvöruverslanir 10-11 út úr fyrirtækjasmstæðunni. Hagar eru nú í söluferli hjá Arion banka og verður tilhögun þess og framkvæmd tilkynnt á næstu dögum.



JÓHANNES JÓNSSON

vöruverslunum SMS í Færej-um ásamt tískuvöruverslunum

Bankinn, sem á meirihluta í Högum, samdi við Jóhannes í kjölfar brotthvarfs hans úr stjórnarformannsæti Haga í ágústlok um að hann fengi að kaupa helmingshlut í matvöruverslunum SMS í Færej-um ásamt tískuvöruverslunum

þremur fyrir rúma 1,2 milljarða króna. Samningar um kaupin á SMS standa enn. Verðmæti helmingshlutar Haga í SMS-verslunum hljóðar upp á 450 milljónir króna.

Jóhannes vildi ekki tjá sig um ástæðu þess að hann hætti við kaupin þegar eftir því var leitað í gær. Hann hefur verið í stífri krabbameinsmeðferð á sjúkrahúsi í yfir tíu daga og sagðist engu vilja bæta við tilkynninguna.

- jab

Með ræktun og fíkniefni:
Tíu mánuðir fyrir kannabis

DÓMSMÁL Héraðsdómur Suðurlands dæmdi karlmann í tíu mánaða fangelsi fyrir að hafa ræktað 206 kannabisplöntur í Hveragerði og haft í förum sínum rúmlega þrjú kíló af kannabisefnum. Þá fannst hjá honum rúmt kíló af muldum laufblöðum og stönglum af kannabisplöntum og um sautján grómm af hassolíu.

Maðurinn játaði sök fyrir dómi, en sagði efnin ætluð til eigin neyslu. Því trúði dómarrinn ekki.

- jss

16 ára fórnarlamb illa slasað:
Árásarmannsins enn leitað

LÖGREGLUMÁL Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu leitaði enn síðdegis í gær að manni sem réðst á sextán ára stúlku í austurborginni í fyrradag. Stúlkan er illa slösuð eftir árásina. Hún er brotin á hönd, með skurði á höfðinu og mar víða, meðal annars á hálsi.

Árásin var gerð á milli klukkan 15 og 15.30 í fyrradag á göngustíg norðan Suðurlandsbrautar, fyrir neðan Vegmúla. Árásarmaðurinn er talinn vera 170 til 175 sentimetrar á hæð, skolkærður og klæddur í svarta yfirhöfn og hvíta skó en rauður litur kann einnig að vera á skónum. Líklegt þykir að árásarmaðurinn sé rétt um tví-tugt og íslenskur. Þeir sem geta varpað ljósi á málið eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu í síma 444-1000.

- jss

Dekkjaverkstæði í Hafnarfirði stóð í ljósum logum í fyrinótt:

Tugmilljónatjón í eldsvoða

BRUNN Tugmilljónatjón varð í eldsvoða á dekkjaverkstæði Pitt-stop við Rauðhelli í Hafnarfirði aðfaranótt þriðjudagsnótt. Eldsupptök eru ókunn.

Eldsins varð vart laust fyrir klukkan hálféitt aðfaranótt þriðjudags og var allt tiltækt slökkvilið á höfuðborgarsvæðinu sent á vettvang. Þá var bakvakt einnig kölluð út. Alls voru hátt í 40 slökkviliðsmenn sendir á staðinn.

Húsið var alelda þegar að var komið og lagði slökkvilið áherslu á að verja nálæg hús og þá hluta verkstæðisins sem stúkaðir voru af með eldvarnarveggjum. Eftir rúma klukkustund náðust tók á eldinum. Undir morgun voru slökkviliðsmenn farnir að slökkva í glæðum.

Dekkjaskiptivélar eru ónýtar eins og dekkjalagerinn. Þá er húsið gjörónýtt.

- sh



ALLT ÓNÝTT Verkstæðið geryðilagðist í brunanum og hleypur tjónið á tugmilljónum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Eiginkona verðlaunahafa:

Vonast til að taka við Nóbél

KÍNA, AP Liu Xia segist vonast til þess að komast til Svíþjóðar að taka við friðarverðlaunum Nóbels hinn 10. desember fyrir hönd eiginmanns síns, Liu Xiaobo, sem situr í fangelsi í Kína.

Sjálfr er hún í stofufangelsi á heimili sínu í Peking, en náðst hefur samband við hana í síma.

„Sem stendur get ég ekki einu sinni komist út fyrir dyr hússins míns, hvað þá út úr landinu,“ sagði hún í gær. Hún hittir eiginmann sinn í fangelsinu á sunnudag.

- gb

ÞÓRSHÖFN

Vegopnunarhátíð haldin

Íbúar á Þórshöfn og nágrenni halda vegopnunarhátíðina Núna fer ég norður! í tilefni af opnun Hófskarðsleiðar þann 5. til 7. nóvember.

Veldu þér Škoda

Komdu við hjá okkur á Kletthálsi og skoðuðu úrvalið af nýlegum og sparneytnum Škoda bílum. Verðið er sérlega hagstætt og með Bílaábyrgð HEKLU getur þú haft bílinn í ábyrgð þar til hann nær fimm ára aldri.



Škoda Octavia 1.9 TDi dísil

Ásett 2.390.000 kr. - Ekinn 62.000 km.
Skráningardagur 14.05.07. Beinskiptur.



Škoda Octavia 2.0 FSi bensín

Ásett 2.190.000 kr. - Ekinn 78.000 km.
Skráningardagur 18.12.06. Sjálfskiptur.



Škoda Octavia 1.9 TDi dísil

Ásett 2.490.000 kr. - Ekinn 69.000 km.
Skráningardagur 29.05.07. Sjálfskiptur.



Škoda Octavia 1.9 TDi dísil

Ásett 2.250.000 kr. - Ekinn 76.000 km.
Skráningardagur 11.05.07. Beinskiptur.



Škoda Roomster 1.6 bensín

Ásett 1.900.000 kr. - Ekinn 60.000 km.
Skráningardagur 21.11.07. Beinskiptur.



Škoda Fabia Combi 1.2 bensín

Ásett 1.950.000 kr. - Ekinn 21.000 km.
Skráningardagur 07.04.08. Beinskiptur.



HAFÐU HANN Í ÁBYRGÐ MEÐ BÍLAÁBYRGÐ HEKLU

Notaðir bílar · Kletthálsi og Laugavegi 174 · Sími: 590-5040 · Opíð virka daga 10-18 og laugardaga 12-16.



NOTAÐIR
BÍLAR

ÓDÝRI

SPORTVÖRUMARKAÐURINN

Í INTERSPORT BÍLDSHÖFÐA

ENN MEIRI VERÐLÆKKUN!

DÖMU-, HERRA- OG BARNAFATNAÐUR

VERÐ FRÁ 990

50-70% AFSLÁTTUR

AF SKÓM

 **INTERSPORT**

BÍLDSHÖFÐA / Sími: 585 7220 / Opið: Mán. - fös. 10 - 19. Laugardaga 10 - 18. Sunnudaga 12 - 18.

FRÉTTASKÝRING: Er staða kvenna í strjálbýli verri en í þéttbýli?

Konur taka þrjár vaktir í dreifbýlinu

Staða kvenna í dreifbýliskjörnum landsins er oft á tíðum mun lakari heldur en karla þegar litið er til atvinnu- og tómskunda. Samgöngubætur eins og Héðinsfjarðargöng bæta þeirra stöðu. Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, hefur rannsakað stöðu kvenna í dreifbýli á síðustu árum.

Þóroddur Bjarnason, prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri, stýrir verkefni Samgöngur og byggðapróun: Félagleg, efnahagsleg og menningarleg áhrif Héðinsfjarðargönga á mannlíf á norðanverðum Tröllaskaga. Verkefnið hefur það að markmiði að leggja heildstætt mat á breytingar á samfélagi, menningu og lífsháttum á svæðinu til þess að auka skilning á áhrifum stórfarmkvæmda í vegagerð almennt.

Með tilkomu Héðinsfjarðargönga tvöfaldast stærð samfélagsins á norðanverðum Tröllaskaga og tengsl við þéttbýli Akureyrar verða auðveldari. Þóroddur segir líklegt að þetta verði til þess að breyta félagslegri stöðu kvenna og styrkja byggðina til framtíðar. Í fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir því að verkefnið verði eitt af tuttugu tilraunaverkefnum sem nýtt verði til að byggja upp þekkingu á kynjadráttum og fjárlagagerð í ráðuneytum og opinberum stofnunum.

Staða dreifbýliskvenna

„Rannsóknir hafa sýnt að staða kvenna í strjálbýli er að mörgu leyti lakari en þeirra sem búa í þéttbýli,“ segir Þóroddur. „Atvinnu- og launakjör eru oft takmarkaðri og ýmsir þættir í þéttum, fámennum samfélögum virðast í sumum tilvikum vinna gegn jafnrétti kynjanna.“ Brottlutningur ungra kvenna er eitt helsta einkenni fámennra samfélaga á

Íslandi og Vesturlöndum almennt og kynjahalli er eitt sterkasta einkenni þess að samfélag sé í alvarlegum vanda.

„Þegar fram líða stundir fylgja yngri karlar í kjölfarið, börnum fækkar og meðalaldur í plássunum hækkar. Að hluta til skýrist brottflutningur ungra kvenna af því að starfsmöguleikar þéttbýlisins eru mun meiri en starfsmöguleikar í dreifbýlinu, sem eru oft einhæfir og bundnir við láglauastörf,“ segir Þóroddur. Á Íslandi endurspeglast þetta í því að óútskýrður launamunur kvenna á landsbyggðinni er þrjátíu prósent, en á höfuðborgarsvæðinu er hann tíu prósent.

Þóroddur bendir á að atvinnu- markaðurinn í dreifbýlum landsins sé oft á tíðum mjög kynbundinn. „Eftirsóknarverð störf í dreifbýli eru gjarnan hefðbundin, líkamlega erfið, hættuleg og oft vel borguð, eins og til dæmis fiskveiðar,“ segir hann. „Þau kvennastörf sem eru í boði eru hins vegar oft einhæf og illa borguð, eins og fiskvinnsla, afgreiðsla, ræstingar og umönnun. Að því leyttinu til má segja að hefðbundin kynjaskipting á vinnu- markaði dragi þróttinn úr smærri samfélögum og aukði svigrúm kvenna til fjölbreyttari starfa geti dregið úr flóttu þeirra úr dreifbýli í þéttbýli.“

Þriðja vaktin

Þóroddur bendir einnig á að sam- hjálp og stuðningur í fámennum samfélögum á Íslandi byggist að verulegu leyti á ólaunadri vinnu kvenna við umönnunarstörf við börn, aldraða og sjúka sem sinnt sé af launuðu fagfólki í þéttbýlinu. „Víða kemur það í hlut kvenna að sjá um samfélagið, sjá um fólkið, starfa í kvenfélaginu. Tómsundurir á borð við veiði, að rótast til á jeppum eða snjósleðum eða brasa með alls konar tæki eru oft nefndar sem dæmigerð karlahobbi í dreifbýli,“ segir Þóroddur. „En því hefur einnig verið haldið fram að tómsundurir kvenna í dreifbýli snúist frekar um þjónustu við samfélagið.“



ÞÓRODDUR BJARNASON Þóroddur er prófessor í félagsfræði við Háskólann á Akureyri og hefur rannsakað stöðu kvenna í dreifbýlum landsins.

Félagsfræðingar tala um að þegar karlar og konur séu í fullri vinnu eigi konur gjarnan „seinni vaktina“ eftir þegar vinnu lýkur. Þær komi þá heim, sjái um heimilið og börnin. „Það má segja að í dreifbýli sé ein vakt í viðbót – Þriðja vaktin,“ segir Þóroddur. „Að lokinni vinnu og heimilisstörfum þegar komið er að því að vinna ólaunaða vinnu fyrir nærsamfélagið. Þannig má segja að það sé ekki alveg rétt að konur flytji úr dreifbýli í þéttbýli vegna þess að það sé fleiri þjónustustörf þar. Heldur fá þær greitt fyrir þjónustustörf í vinnutímanum og geta síðan átt sinn frítíma sjálfar.“

Undir smásjóni

Til viðbótar við einhæft atvinnu- líf og kröfur um ólaunaða vinnu í tómsundum hefur eftirlit samfélagsins með ungum konum verið nefnt sem einn þeirra þátta sem grafi undan búsetu þeirra í dreifbýli.

„Í viðtölum við börn og unglíngi í dreifbýli kemur skýrt fram að þau telja mikið frelsi fylgja því að alast þar upp. En þegar komið er fram á unglingsárin virðist þetta hins vegar snúast við, sérstaklega hjá stelpunum. Þær kvarta margar undan því að frelsi eða jafnvel bara svigrúm þeirra sé takmarkað. Allir viti allt um alla, kjaftasögur grasseri og ein mistök geti fylgt fólki alla tíð,“ segir Þóroddur. „Flutningur í þéttbýli geti því verið leið til þess að fá andrými, átta sig á því hver maður sé og hver maður vilji vera.“



GÖNGIN BORUÐ Göngin tengja Ólafsfjörð og Siglufjörð og telur Þóroddur að þau muni bæta stöðu samfélagsins til framtíðar.



ÓLAFSFJÖRÐUR Íbúafjöldi í Ólafsfirði var 852 um áramótin, 439 karlar og 413 konur. FRÉTTABLAÐIÐ/GUN

Hvað er til ráða?

Fólki hefur þó fjölgað í flestum landshlutum á undanförunum áratugum og aldrei hafa jafnmargir búið utan suðvesturhorns landsins en einmitt nú um stundir. Þóroddur segir að hins vegar einkenni mikil og ör þéttbýlisvæðing byggðapróun á Íslandi og sveitir og þéttbýliskjarnar með færri en 300 íbúa eigi mjög undir högg að sækja.

Samgöngubætur á borð við jarðgöng, eins og Héðinsfjarðargöngin, sem tryggja greiðar samgöngur á stóru svæði, séu meðal

annars til þess fallnar að bæta stöðu kvenna og styrkja þannig búsetu í dreifbýli. Hins vegar sé aukið jafnrétti karla og kvenna í sjálfu sér einnig mikilvægur þáttur í því að snúa byggðapróun við og jafnréttisstefna sé að vissu marki forsenda árangursríkrar byggðastefnu.

Sunna Valgerðardóttir
sunna@frettabladid.is



100.000.000
+860.000.000
960.000.000

ÞÚ TALDIR RÉTT:
960 MILLJÓNIR

Fyrsti vinningur stefnir í 100 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 860 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á lotto.is


V Í K I N G A
LOTTO

ALLTAF Á MIÐVIKUDÖGUM!
MIÐINN GILDIR 13. OKTÓBER 2010

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42



S24 = HAGSTÆÐARI INNLÁNSVEXTIR



S24 býður hagstæðari kjör á óbundnum, óverðtryggðum innlámsreikningi. Það kostar ekkert að stofna sparnaðarreikning hjá S24.

SPARNAÐUR FYRIR FYRIRTÆKI OG EINSTAKLINGA

Í meira en 10 ár hafa einstaklingar getað ávaxtað sparnað sinn hjá S24. Nú gerum við betur og bjóðum einnig fyrirtækjum og félögum að nýta sér betri kjör á óverðtryggðum innlámsreikningi okkar.

Kynntu þér málið, það kostar ekkert.

Kíktu á www.s24.is eða hringdu í síma 533 2424 – og þú hagnast.

*Á www.keldan.is er að finna samanburð á sambærilegum innlámsreikningum banka og sparisjóða fyrir 1 milljón til 9.999.999, 10.000.000 til 49.999.999, 50.000.000 – 99.999.999 og 100 milljónir og hærra. Í öllum þessum flokkum býður S24 upp á hagstæðustu kjörin. Myndin í auglýsingunni tekur mið af samanburði m.v. 1 milljón til 9.999.999. Upplýsingar eru teknar af www.keldan.is þann 11.10.2010.

Sparnaðarreikningur S24

- Betri innlámsvextir
- Enginn binditími
- Engin lágmarksupphæð
- Óverðtryggður sparnaður
- Engin úttektarþóknun
- Innlámsvextir 3,45%- 5,35%**



Íslenska karlknattspyrnulandsliðið undir 21 árs aldri er komið á stórmót í fyrsta sinn.

Samúel

Íslenska þjóðin hefur eignast nýtt uppáhald. Ungmennalandsliðið okkar í karlknattspyrnu hefur skipað sér á bekk með kvennalandsliðinu. Það leikur, ásamt sjö öðrum liðum, í loka-keppni Evrópumótsins í Danmörku á næsta ári.

Meðal þátttakenda verða heimamenn, Englendingar, Spánverjar og Tékkar en margar merkar knattspyrnuþjóðir sitja eftir heima. Hvorki Svíar né Norðmenn komast áfram. Þjóðverjar verða ekki með. Heldur ekki Portúgalar, Hollendingar, Ítalir, Rússar eða Frakkar. En Ísland er með. Litla, fámenna Ísland.

„Þetta var bara fáránlegt. Ég vissi að hann færi beint upp í Samúel – ég hitti hann svo vel,“ sagði Gylfi Þór Sigurðsson við Fréttablaðið um síðara mark sitt í leiknum gegn Skotum í fyrrakvöld. Samúel þýðir samskeytin.

SKOÐUN

Björn Þór Sigbjörnsson
bjorn@frettabladid.is



Markið var sannkallaður þrumufleygur, alveg eins og fyrra mark Gylfa í leiknum og alveg eins og mörkin tvö í fyrri leiknum gegn Skotum á Laugardalsvöllinum. Íslenska landsliðið er allt í einu orðið þekkt fyrir þrumufleyga. En ekki bara þá. Það er léttleikandi, leikmenn þess geta sólað sig í gegnum varnir andstæðinganna eða leikið þær grátt með samspili.

Allt er þetta nýtt fyrir okkur sem fylgjumst með. Ný kynslóð knattspyrnumanna leikur allt öðru vísi fótbolta en þær eldri. Í fyrsta sinn í íslenskri knattspyrnusögu er leikið í samræmi við máltæki góða; sókn er besta vörnin. Í fyrsta sinn er líka gengið til leiks með sigurþrá í brjósti. Aldrei áður höfum við heyrt leikmenn segja fyrir leik að þeir ætli að vinna hann og séð á þeim að þeir meina það.

Oftast hefur viðkvæðið verið að vera með. Íslenska A-landsliðið hefur viljað mæta stórþjóðum í forkeppnum stórmóta til að fá tækifæri til að leika gegn bestu fótboldamönnum heims. Forysta knattspyrnusambandsins hefur vonast eftir því sama til að fá sem flesta á völinn til að berja útlendu snillingana augum.

Ljóst er að þetta hugarfar heyrir sögunni til þegar leikmenn ungmennaliðsins fylla hvert sæti A-liðsins. Nýir tímar eru að renna upp.

Þessir miklu hæfileikar ungu fótboldamanna okkar fengust ekki með lýsinu einu saman. Að baki býr þrotlaus þjálfun frá unga aldri sem var möguleg vegna fótboldahúsanna. Gervigraskynslóðin er vaxin úr grasi. Ekkert bendir til annars en að þetta sé það sem koma skal. Þessar gjörbreyttu aðstæður til æfinga gera það að verkum að full innistæða er fyrir kröfum um árangur, líkt og gerðar hafa verið til íslenskra handboltalandsliða.

Ef að líkum lætur mun ríkja fótboldaæði á Íslandi þegar loka-keppnin fer fram næsta sumar. Gylfi, Rúrik, Kolbeinn, Almar, Jóhann og allir hinir strákarnir verða fjölskylduvinir á hverju heimili og þjóðin mun senda þeim hlýja strauma yfir hafið. Sama verður uppi á teningnum þegar handboltalandsliðið leikur á heimsmeistarasmótinu í janúar. Þjóðin sameinast í stuðningnum. Slíkar stundir eru mikilvægar. Við gerumst sérfræðingar í leikkerfum og hættum á meðan að velja okkur upp úr stjórnátlunum og ástandinu. Og tölum um samskeyti sem Samúel, eins og ekkert sé eðlilegra.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Ewald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafærnu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Íssn 1670-3871

FOCAL
SOFTWARE & CONSULTING

Skólinn býður upp á námskeið í gæða-, skjala-, verkefna- og mannauðsstjórnun. Námskeiðin eru stutt og hnitmiðuð, auka skilvirki í stjórnun og byggja á þverfaglegri aðferðafræði.

Stundaskrá

- 14.10 kl. 13:00 - 16:00 Starfsþróunarsamtöl
- 20.10 kl. 13:00 - 16:00 Hæfnistjórnun og stjórnun með hugbúnaði
- 28.10 kl. 13:00 - 17:00 Verkefnastjórnun skv. ISO 9001 og PRINCE2
- 03.11 kl. 13:00 - 16:00 Gerð og skipulag handbóka
- 11.11 kl. 13:00 - 17:00 Gerð verklagsreglna I
- 16.11 kl. 13:00 - 17:00 Skjalastjórnun skv. ISO 15489

www.focal.is/skraning



GÆÐASTJÓRNUNARSKÓLINN

FRÁ DEGI TIL DAGS

Hamingjuóskir forsetans

Íslenska landsliðið í fótbolta, skipað leikmönnum um og yfir tvtítugu, er komið á stórmót eftir tvo frækilega sigra á frændum okkar í Skotlandi. Það er glæsilegur árangur, sem sann- aðist best á því að forseti lýðveldisins hljóp til og sendi liðinu hamingjuóskir að bragði. Enn láta árnaðaróskir til nýs friðarverðlaunahafa Nóbels þó á sér standa. Sá heitir Liu Xiaobo og situr sem kunnugt er í kínversku tukthúsi fyrir pólitísk skrif. Forsetinn hefur látið nægja, í bréfi til íslenskra fjölmiðla, að ítreka gamlar yfirlýsingar um að mannréttindi skuli virt í hvívetna.

Tíminn er eins og jarðvarmínn

En þótt Xiaobo sé þegn ríkis sem Ólafur þekkir eins og handarbakið á sér gæti skáldið vissulega gert meira til að vekja athygli forsetans. Hann á að vísu óhægt um vik með að vinna sér sæti í íslensku íþróttalandsliði, en hann hefur hins vegar, að því er best er vitað, ekki heldur skrifað eitt einasta ljóð um ágæti endurnýjan- legra orkugjafa.



Rétti maðurinn í djöbbið

Jón Bjarnason verður seint sakaður um að hygla pólitískum samherjum sínum. Jón hefur ráðið tvo menn til starfa í

sjávarútvegs- og landbúnaðarráðu- neytið svo eftir hafi verið tekið: Guðjón Arnar Kristjánsson og Bjarna Harðarson. Athygli vekur að báðir eru fyrrverandi þingmenn annarra flokka en ráðherrans. Ráðning Bjarna í starf upplýsingafulltrúa var tilkynnt í gær. Varla hefur það skaðað að hann er nýorðinn varabæjarfulltrúi Vinstri grænna í Árborg. Bjarni var valinn úr stórum hópi umsækjenda og engin ástæða er til að efast um hæfni bóksalans í starfið. Hann hefur sýnt að hann er fullfær um að senda fjölmiðlum tölvupóst.



stigur@frettabladid.is

HALLDÓR



Að vera borgari

Efnahagur Íslands



Guðlaugur G. Sverrisson

borgari og fyrrverandi stjórnarformaður Orkuveitunnar.

Nú er mikið fjallað um komandi stjórn- lagabing og væntanlega yfirferð á stjórnarskrá Íslands. Í því ljósi hefur mér verið hugsað til orðsins borgari sem á ensku er orðið „citizen“. Lagt er mikið upp úr því að vera borgari í lýðræðisríkjum í hinum vestræna heimi. Fjallað er um rétti- indi borgaranna gagnvart stjórnvöldum og réttindin varin í stjórnarskrá viðkomandi lands. Við þekkjum ákallið í amerískum bíomyndum að einhver segist vera „US citizen“ eða bandarískur borgari og eigi þar af leiðandi sjálfkrafa rétt á ýmsum rétti- indum og úrræðum í þeim aðstæðum sem viðkomandi er staddur í. Allir virðast upp- lýstir um að þeir eigi einhver réttindi gagn- vart afskiptum stjórnvalda af þeirra lífi. Engar spurningar eða þras, viðkomandi hefur réttindi hvort sem það er gagnvart löggæslumönnum, lánardrottnum eða full- trúum stjórnvalda. Enginn á að geta gengið á grunnrétt borgaranna við það eitt að eiga viðskipti sín á milli, sé það gert á sann- gjarnan hátt og tekið sé tillit til aðstöðu- unar hverju sinni.

Nú hefur átt sér stað forsendubrestur á Íslandi í kjölfar bankahrunsins. Allir finna fyrir því á einhvern hátt. Vöruverð hefur rokið upp, eignir hafa hrapað í verði, lán

hafa stökkbreyst, skattar hækkað og opin- ber gjöld verið hækkuð. Það er staðfest að kaupmáttur hefur rýrnað að meðaltali um 15% á einu ári. Það er vegið að grunnrétti þínum sem borgara, t.d. með því að sumir fá að halda sínum kröfum til fullnustu á meðan aðrir þurfa að sjá á eftir eignum



Lagt er mikið upp úr því að vera borgari í lýðræðis- ríkjum í hinum vestræna heimi.

sínum. Þetta er ekki sanngjarnt ástand þar sem forsendubrestur hefur átt sér stað. En svo rann upp fyrir mér ljós. Að vera borgari á Íslandi þýðir að vera sá sem borgar. Þú, kæri lesandi, ert borgari og skalt borga. Borgaraleg réttindi (rétturinn til að fá borgað) liggja öll hjá fjármagnseigend- um. Við þurfum kannski ekki stjórn- laga- þing eftir allt saman, heldur betri skilning hjá stjórnvöldum á orðinu borgari.

Hvað getum við gert? II

Efnahagsmál

Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður
Framsóknarflokksins



Síðastliðinn laugardag birtist á sama vettvangi grein þar sem ég færði rök fyrir því að lýðræði snerist um að gera upp á milli ólíkrar stefnu (flokka) og manna. Þannig væri þeim refsað sem ekki stæðu sig en hinir verðlaunaðir og með því skapaður hvati til að gera betur. Bent var á að þegar allir væru settir undir sama hatt hætti lýðræðið að virka. Það sama á við þegar afstaða til manna og flokka er tekin fyrst og fremst út frá ímynd og spuna. Það er því afar óheppilegt að ríkisstjórn landsins skuli hafa tekist að taka alla stjórnmálamenn og flokka í einn flokk sem svo er kallaður stjórnmála-stéttin eða fjórflokkurinn. Því var haldið fram að þessi skilgreining væri skaðleg og einnig ósanngjörn.

Að undanförunu hafa þau stefnumál sem framsóknarmenn hafa barist fyrir, með öllum tiltækum ráðum, sannað gildi sitt. Öll þau atriði sem nú eru hvað háværastar kröfur um, og rökin sem menn sjá

flokka séu eins og hafi ekkert gert í sínum málum.]

III. Lýðræði

Flokkurinn samþykkti fjölmargar tillögur um lýðræðisumbætur. Þessar tillögur komu frá almennum flokksmönnum, hugsjónafólki með hugmyndir um hvernig bæta mætti samfélagið. Meðal þess sem kom út úr því voru áform um stjórnlagabætur, persónukjör og ítrekun þeirrar stefnu að aðskilja þyrfti framkvæmdarvald og löggjafarvald og styrkja þingið með því að ráðherrar sætu ekki á Alþingi.

[Svo er sagt að stjórnmálamenn vilji bara verja óbreytt kerfi.]

IV. Ný vinnubrögð og samvinna

Aðeins höfðu liðið nokkrir dagar frá flokksþinginu þegar þingflokkur framsóknarmanna sýndi í verki að hann væri reiðubúinn að innleiða ný vinnubrögð í stjórnmálum. Glundroði ríkti í samfélaginu og brún þörf var fyrir róttækar aðgerðir í skuldamálu og atvinnuálag. Við töldum að við þær aðstæður hlutu allir að taka höndum saman um að leysa þennan bráða vanda, aðalatriðið væri að koma á starfhæfri ríkisstjórn. Við buðumst því til að verja minnihlutastjórn, án þess að gera nokkra kröfu um ráðuneyti eða aðrar stöður, gegn því að sú stjórn tæki að sér að hrinda í framkvæmd nauðsynlegum bráðaáðgerðum í skuldamálu heimila og atvinnuálagum.



Öll þau atriði sem nú eru hvað háværastar kröfur um, og rökin sem menn sjá nú fyrir réttmæti krafanna, eru nákvæmlega þau sömu og framsóknarmenn hafa haldið fram undanfarin tvö ár.

nú fyrir réttmæti krafanna, eru nákvæmlega þau sömu og framsóknarmenn hafa haldið fram undanfarin tvö ár. Hér að neðan og í framhaldsgreini mun ég fara yfir þá sögu:

I. Endurnýjun

Framsóknarflokkurinn réðist fyrstur flokka í raunverulega endurnýjun. Það var talið óþarft að biða eftir því að nefndir skrifuðu skýrslur. Strax eftir efnahagshrunið ákvað flokkurinn að flýta flokksþingi. Strax í janúar 2009 var haldið stærsta flokksþing í sögu Framsóknar. Fyrri formenn ákváðu að víkja og fram fór róttækasta endurnýjun í sögu íslenskra stjórnmálaflokka. Sú endurnýjun kom alfaríð frá grasrót flokksins. Almennir flokksmenn sem vildu sjá breytingar í stjórnmálum tóku völdin. Þeir sýndu líka með afgerandi hætti að tal um klíkur og flokksræði ætti ekki við í Framsókn. Manni sem hafði aldrei starfað í stjórnmálum og hafði gengið í flokkinn tveimur vikum áður var treyst til forystu.

[Svo er sagt að allir stjórnmálaflokkar séu lokaðar klíkur þar sem þeir sem ekki hafi starfað í stjórnmálum í áratugi eigi ekki séns.]

II. Uppgjör

Síðan þá hefur flokkurinn gert allt það sem nú er hvað háværust krafa um í stjórnmálum. Við höfum ekki hikað við að viðurkenna mistök og verið svo ákveðin í því að draga ekkert undan að stundum hafa menn jafnvel verið tilbúnir að taka meira á sig en tilefni var til (eins og kom í ljós með skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis þar sem minna fór fyrir flokknum en ætla hefði mátt af áróðri pólitískra andstæðinga). Ástæðan er sú að framsóknarmenn voru ekki ánægðir með hvernig samfélagið hafði þróast og þess vegna vildu þeir taka ábyrgð, gera upp málin og yfirfara stefnuna. Þegar maður sér hversu vel sumir aðrir flokkar komast upp með afneitun hvarflar stundum að manni að þeir stjórnmálaflokkar sem gera upp fortíðina séu bara að draga athygli að sér og frá vandæðum annarra.

[Svo er sagt að allir stjórnmála-

[Svo segja menn að pólitíkin snúist bara um að ná völdum og embættum fyrir sína flokka og það vanti allt traust og samstarfsvilja.]

V. Traust og ábyrgð

Minnihlutastjórn var mynduð án þess að henni hefði tekist að sýna hvernig hún hygðist taka á skulda- og atvinnuálagnum. Við ákváðum að sýna stjórninni traust en sömdu um að ef ríkisstjórninni tækist ekki að setja saman tillögur í tíma mundum við leggja henni til lausnir. Þetta var í febrúar 2009 og við töldum ástandið þá þegar svo alvarlegt að kynna þyrfti aðgerðir strax á fyrstu dögum stjórnarinnar, þannig að þegar þrjár vikur voru liðnar án aðgerða virtist það heil eilífð. Það var ekki hægt að biða lengur. Við kynntum því heildartillögur að bráðaáðgerðum í efnahagsmálum.

[Svo segja menn að í stjórnmálum ríki ekkert traust, engin ábyrgð, ekkert frumkvæði.]

VI. Lausnir

Þrátt fyrir fyrirheit um samráð og samstarf var tillögum okkar tekið með áróðursherferð sem gekk út á að kveða þær í kúttinn, sérstaklega átti það við um tillöguna um almenna skuldaleiðréttingu. Við höldum þó áfram að berjast fyrir tillögum okkar á móti straumnum vegna þess að við sáum að þær væru framkvæmanlegar og nauðsynlegar. Fáeinir þingmenn annarra flokka tóku undir og Hagsmunasamtök heimilanna hófu baráttu fyrir sams konar lausnum. Smátt og smátt hafa menn áttað sig á gildi tillagnanna og nú er umræða um þær í hámarki með sömu rökum og við höfum beitt. Það sýndi sig enda að það sem við höldum fram sem forsendum tillagnanna, t.d. um flutning lána úr gömlu bönkunum í nýju, reyndist rétt.

Í kjölfarið fylgdu fjölmargar aðrar tillögur að lausnum, aðvaranir og ábendingar um hvað betur mætti fara og ráð um hvernig best væri að standa að því. Margt af því hefur þegar sannað gildi sitt og er nú ofarlega í umræðunni eins og rakið verður í næstu grein.



TILBOÐ MÁNAÐARINS
15% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM NICOTINELL 204 STK PÖKKUM
VERÐ FRÁ 3.941 KR. (2MG FRUIT)

TILBOÐ GILDIR ÚT OKTÓBER



Apótekið
-einfalt og ódýrt

Spönginni • Hólagarði • Hagkaup Skeifunni • Hagkaup Akureyri • www.apotekid.is

Nefnd um vist- og meðferðarheimili

Viðtöl við einstaklinga sem dvöldu á Upptökuheimili ríkisins 1945-1978 og Unglingaheimili ríkisins 1978-1994

Með erindisbréfi, dags. 2. apríl 2007, skipaði forsætisráðherra nefnd á grundvelli laga nr. 26/2007 um skipan nefndar til að kanna starfsemi vist- og meðferðarheimila fyrir börn (vistheimilanefnd). Hlutverk hennar er að kanna hver tildrög þess hafi verið að börn voru þar vistuð, hvernig opinberu eftirliti hafi verið háttað með starfsemi viðkomandi stofnunar og hvort börn sem þar voru vistuð hafi sætt illri meðferð eða ofbeldi á meðan á dvöl þeirra stóð.

Um þessar mundir er vistheimilanefnd að kanna starfsemi Upptökuheimilis ríkisins 1945-1978 og Unglingaheimilis ríkisins 1978-1994.

Á starfstíma Upptökuheimilis ríkisins fór starfsemi þess fram að Elliðaahvamm í Kópavogi, í starfsmannabústað við Kópavogshæli og á Kópavogsbraut 17 og Kópavogsbraut 9 í Kópavogi. Á starfstíma Unglingaheimilis ríkisins fór starfsemi þess fram að Kópavogsbraut 17 og Kópavogsbraut 9 í Kópavogi, Sólheimum 7, Sólheimum 17 og Efstasundi 86 í Reykjavík, Smáratúni í Fljótshlíð og Torfastöðum í Biskupstungum. Auk þess var starfrækt á vegum Unglingaheimilis ríkisins meðferðarstöð fyrir unga vímuefnaneytendur á Tindum á Kjalarnesi.

Vistheimilanefnd óskar vinsamlegast eftir því að þeir sem dvöldu sem börn eða unglingar á ofangreindum stofnunum á einhverjum tíma á árunum 1945-1994, og hafa áhuga á því að veita nefndinni viðtal og upplýsa hana um reynslu sína af dvölinni, hafi samband við nefndina fyrir 1. desember n.k. í síma 563 7016 eða á netfangið vistheimili@for.stjr.is.

Málstofa í tilefni af Alþjóðlegum sjónverndardegi

Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi og Augnlæknafélag Íslands, með stuðningi Novartis, standa saman að málstofu í tilefni af Alþjóðlegum sjónverndardegi, fimmtudaginn 14. október.

AÐALRÆÐUMAÐUR MÁLSTOFUNNAR VERÐUR:

- Dr. Weng Tao**, frá USA, en hún mun fjalla um klínískar tilraunir sem eru að fara í þriðja fasa og miða að því að þróa fyrirbyggjandi meðferðir við þurr-AMD og mörgum formum Retinitis Pigmentosa, sem eru arfgengir sjónhinnusjúkdómar. Meðferðin byggir á notkun sérþróaðrar tækni, ECT (Encapsulated Cell Technology) til að koma vaxtaþáttar efni (neurotropic agent) sem kallast CNTF til augans, en tilraunir hafa sýnt að CNTF getur stöðvað hrönnunarferli ljósnemanna.
- Vonir eru bundnar við að þetta verði fyrstu fyrirbyggjandi meðferðirnar gegn þessum ólæknandi sjúkdómum, sem eru orsök þriggja af hverjum fjórum blindu- og sjónskerðingartilfellum í hinum vestræna heimi.
 - Slíkar meðferðir gætu orðið almennar á næstu 3–5 árum.

Auk Dr. Weng Tao munu Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum, Sveinn Hákon Hardarson, sérfræðingur í augnrannsóknnum, og Kristinn P. Magnússon erfðafræðingur tala á málstofunni.

Málstofan hefst klukkan 17:00 og fer fram í húsnæði Blindrafélagsins að Hamrahlíð 17, 2. hæð. Aðgangur er öllum opin á meðan húsrúm leyfir.



Augnlæknafélag Íslands



VERÐ LÆKKUN

Á ÍSLENSKUM LOPA Í HAGKAUP

Léttlopi

- 50 g dokkur
- þrjónastærð 4,5 – 5
- 100% ull
- margir litir



185.-

Loðband/Einband

- 50 g dokkur
- 100% ull
- margir litir



235.-

Álafosslopi

- 100 g dokkur
- þrjónastærð 6 – 6,5
- 100% ull
- margir litir



345.-



315.-

Plötulopi

- 100 g plötur
- 100% ull, óspunninn þráður
- margir litir

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

Háskólarannsóknir á tímum kreppu og gæði þeirra

Háskólarannsóknir

Eiríkur
Steingrímsson
Magnús
Karl Magnússon

prófessorar við
læknadeild
Háskóla Íslands



Í fyrri greinum okkar ræddum við um mikilvægi vísindarannsóknna fyrir efnahagslífið og þá staðreynd að innan við 15% af framlagi ríkisins fara í gegnum samkeppnissjóðina. Í hinum vestræna heimi er þetta hlutfall víðast mun hærra og er um 30-40% á hinum Norðurlöndunum. Í Bandaríkjunum koma um 85% af rannsóknafé háskóla úr samkeppnissjóðum. Það er því ljóst að Ísland sker sig verulega úr hvað þetta varðar.

Samkeppnissjóðirnir tryggja gæðaeftirlit með rannsóknunum. Rannsóknaverkefni og virkni vísindamanna sem sækja um styrki eru metin reglulega og þegar dregur úr virkni eða hugmyndaauði, fá viðkomandi vísindamenn ekki styrki lengur. Hér á landi nær þetta eftirlit aðeins til þess hluta af framlagi ríkisins sem fer gegnum samkeppnissjóði. Sumir íslensku samkeppnissjóðanna, t.d. Rannsóknasjóður, notast nú við erlenda matsaðila þannig að flestar, ef ekki allar, umsóknir fara í mat erlendra, óháðra vísindamanna. Þannig fæst óháð mat á gæðum íslenskra vísindaverkefna og vísindamanna. Sjóðurinn og þjóðin ættu því að vera nokkuð viss um að þessu fé er vel varið. Aðrir sjóðir notast við innlenda matsaðila og ættu, í ljósi jákvæðrar reynslu Rannís, að breyta þeirri stefnu sinni og taka upp erlent mat. Sumir hinna sjóðanna eru reyndar fremur pólitískir sjóðir og eiga lítið skylt við alvöru

vísindasjóði. Sem dæmi um slíkan sjóð er AVS (Aukið verðmæti sjávarfangs) en nýskipaður stjórnarformaður hans er þingmaður og náinn samstarfsmaður landbúnaðar- og sjávarútvegsráðherra. Mikill munur er einnig á árangurshlutfalli íslenskra vísindasjóða. Sem dæmi má nefna að í Rannsóknasjóði er þetta hlutfall að nálgast 10% en er 50% í AVS. Þetta þýðir að það er mun meiri samkeppni um fé úr Rannsóknasjóði en AVS.

Hvað með gæðaeftirlit með hinum 85-90 prósentunum af framlagi ríkisins til rannsókna? Staðreyndin er sú að með þeim er lítið sem ekkert ytra eftirlit og ekkert er spurt um gæði eða árangur. Þessu þarf að breyta. Víðast erlendis er strangt gæðaeftirlit með öllu fé sem veitt er til rannsókna til að hámarka nýtingu almannafrjá. Við erum ekki að tala um hefðbundið bókaldseftirlit heldur eftirlit með gæðum rannsókna. Í Bandaríkjunum og víða í Evrópu er þetta oftast gert á þann hátt að á 5 ára fresti þarf hver rannsóknastofa að útskýra fyrir sérstakri úttektaarnefnd vísindamanna hvað stofan hefur gert á tímabilinu og hvað hún hyggst gera næstu 5 árin. Rannsóknastofan undirbýr vandlega skýrslu sem nefndin fær til yfirlstrar, nefndin mætir síðan á rannsóknastofuna þar sem verkefni eru útskýrd með fyrirlestrum, farið er yfir árangurinn og hann metinn og skoðað hvort framtíðaráætlanirnar séu raunhæfar. Að lokum kemst úttektaarnefndin að niðurstöðu sem sett er fram í viðamikilli skýrslu. Í úttektaarnefndinni eru yfirleitt leiðandi vísindamenn á viðkomandi sviði sem ekki hafa starfað með viðkomandi rannsóknastofu en þannig er tryggt að úttekta sé fagleg og óháð. Við höfum kynnst svona úttekta í störfum okkar erlendis. Þessi aðferð virkar afar vel. Hún er fagleg og leiðir til

gagnrýnnar umræðu. Rannsóknastofum er hrósað fyrir það sem vel er gert en þær gagnrýndar fyrir það sem miður hefur farið. Niðurstöður slíkra úttekta eru síðan notaðar við ákvarðanatöku og stefnumótun.

Hér á landi er ekkert slíkt gæðaeftirlit með þeim fjölda stofnana sem stunda vísindarannsóknir. Hið opinbera, og þar með skattgreiðendur, vita því ekki hvort þessu fé er vel varið. Vísinda- og tækniráð hefur þó nýlega tekið málið til umfjöllunar og segir í núverandi stefnu ráðsins: „Sjálftæð greiningarvinna á afrakstri rannsókna, þróunar og nýsköpunar verði styrkt hér á landi og unnin af óháðum aðilum“. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur nýlega sett á fót Gæðaráð háskóla sem ætlað er að skoða gæðamál innan háskóla, þ.á.m. tengsl kennslu og rannsókna. Ráðið er skipað sex erlendum aðilum og ætti því að geta verið faglegt og óháð. Það vekur furðu að Gæðaráðið er einungis skipað einstaklingum úr hug-, félags- og menntavísindageiranum. Í því eru engir með reynslu af raunvísindum eða heilbrigðis- og lífvísindum, þeim greinum vísindanna sem sterkust eru á Íslandi. Það er áhyggjuefni enda mikill munur á vinnubrögðum í raun-, heilbrigðis- og lífvísindum annars vegar og félags-, hug- og menntavísindum hins vegar. Gæðaráðið er því ólíklegt til að geta lagt mat á gæði rannsókna í raun-, heilbrigðis- og lífvísindum. Þessu þarf að breyta til að slíkt úttekta verði trúverðug.

Við leggjum því til að i) hafið verið gæðaeftirlit með öllu rannsóknafé á Íslandi; ii) við þetta eftirlit verði notast við þær aðferðir sem gefist hafa best annars staðar (sbr. hér að ofan); iii) niðurstöður slíkra úttekta verði notaðar við ákvarðanatökur; iv) í gæðanefndina verði skipaðir aðilar úr raun-, heilbrigðis- og lífvísindageiranum.

ZIK ZAK OG VESTURPORT KYNNA

HAFID GEFUR... HAFID TEKUR...

BRIM

INGVAR E. SIGURÐSSON NINA DÓGG FILIPUSDÓTTIR GISLI ÖRN GARÐARSSON
ÓLAFUR EGILL EGILSSON BJÖRN HLYNUR HARALDSSON ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON
VÍKINGUR KRISTJÁNSSON NANNA KRISTÍN MAGNUSDÓTTIR

KOMIN Í BIÓ!

Vesturport Háskóla Smárra Bló Háskóla Bló



Málþing um stöðu fámennra byggða verður haldið að Ketilási í Fljótum 30. október klukkan 14. Sveitarfélagið Skagafjörður heldur það í samvinnu við samtökin Landsbyggðin lifi og íbúa í Fljótum. Haldin verða framsöguerindi og starfað í hópum. Jón Bjarnason, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, ávarpar gesti.

ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Þórdís Hermannsdóttir thordish@365.is 512 5447

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki



12 kg
Þvottavél og þurrkari

- Tekur 12 Kg · Hljóðlát
- Stórt op > auðvelt að hlaða
- Sparneytin

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Áhugamenn um Royal Enfield mótörhjól stofna klúbb á Íslandi.

Óbreytt frá stríðsárunum

Íslenskir áhugamenn um Royal Enfield mótörhjól stofnuðu klúbb, Royal Enfield Club of Iceland, á dögum. Að sögn Guðmundar Más Ástþórssonar, formanns hins nýstofnaða klúbbs, er markmið hans að auka veg og vanda þessara bresk/indversku hjóla á Íslandi.

„Svona klúbbar þekkjast víða um Evrópu, þar með talið á Norðurlöndunum, enda eru menn almennt á því að þarna séu á ferð vönduð mótörhjól, þægileg í alla staði og flott.

Á FERÐINI | 2



20%
Afsláttur af málningavörum



Woodex á Íslandi frá árinu 1977. Löngu landsþekkt fyrir endingu og gæði.

TEKNOS Síðumúla 34 • 108 Reykjavík • Sími 517 1500

Sparibuxur
- Betri vinnubuxur

3 síddir – 2 snið
1 sídd – fleiri snið
Stærðir 36–56
Litur; svart og brúnt

Ríta

Bæjarlind 6 - Eddufelli 2
Sími 554-7030 Sími 557-1730
www.rita.is



Jeppadekk & fólksbíladekk

Umfelgun **með afslætti** þessa dagana fyrir bæði fólksbíla og jeppa!

Komdu núna og fáðu **fría vetrarskoðun** í leiðinni!

- DEKK RAFGEYMAR BREMSUKLOSSAR SMURÞJÓNUSTA
 PERUR RÚÐUÞURKUR ALÞRIF & TEFLONBÓN SÆKJUM OG SKILUM

Allt á einum stað!

Frábært verð



BÍLKÓ

Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | www.bilko.is | Sími 557-9110

Þjónustumiðstöð bílsins

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Á FERÐINNI

Vefsíðan www.faninn.is fór í loftið á dögunum. Henni er meðal annars ætlað að minna á tólf lögskipaða fánadaga Íslands en þá daga er fánanum flaggað á öllum opinberum byggingum auk þess sem almenn- ingur er hvattur til að gera slíkt hið sama. Síðan er upphitun fyrir bókina Þjóðfáni Íslands eftir Hörð Lárusson sem kemur út í mars á næsta ári.



Litun og plokkun
Verð: 2.900 kr.
Brasilískt vax
Verð: 3.900 kr.

Tilboðið gildir í október 2010

Simi: 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HOTEL LOFTLUBIN



Guðmundur segir mótörhjól vinsælli fararskjóta en bíla á Indlandi.

Vandaðir skór fyrir veturinn!
 Sérlega þægilegir herraskór úr mjúku leðri með riflás yfir ristina og góða breidd.

„aircomfort“

Teg: 48096
 Litir: svart og brúnt
 Stærðir: 40 - 47
 Verð: 19.885.-

Simi 551 2070.
 Opið mán.-fös. 10-18.
 Laug. 10-14.
 Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf.
www.misty.is

Misty skor
 Laugavegi 178

Vertu vinur

Framhald af forsiðu

Við sem stöndum að baki klúbbnum þekkjum þetta af eigin raun þar sem við eigum allir svona hjól og vildum með klúbbnum hefja þau til vegs og virðingar;“ útskýrir Guðmundur, en ekki er lengra síðan en fjögur ár að áhugi hans á þessari gerð mótörhjóna kviknaði í heimsókn til Indlands.

„Þetta var alveg einstök lífsreynsla. Við Þóra Guðmundsdóttir, sem höfum staðið fyrir jógaferðum fyrir Íslendinga til Indlands, urðum okkur úti um svona hjól til að ferðast um frá Cophin í Kerala-héraðinu í suðri upp eftir til Góa. Ég hafði áður farið nokkrum sinnum til Indlands en þarna á mótörhjólunum upplifði ég enn sterkar á hraðri yfirferð töfra landsins, það fjölbreytilega lítróf mannlífs og dýra sem þar búa og fallega náttúru,“ segir Guðmundur sem lagði af stað með litla sem enga reynslu af mótörhjólum en varð sér úti um Royal Enfield mótörhjól í lok ferðar og flutti til Íslands.

Mótörhjól Guðmundar er með



Á Indlandi er ekki óalgengt að fjölskyldur ferðist saman um á einu mótörhjól.

mynd,“ sem Guðmundur telur vera eina ástæðuna fyrir vinsældum hjólanna.

Skömmu eftir heimkomu kynntist Guðmundur fleiri áhugamönnum um Royal Enfield mótörhjól sem varð til þess að klúbburinn varð síðan stofnaður fyrir skemmstu. Áhuginn er að hans sögn eitt helsta skilyrðið fyrir inngöngu. „Við tökum vel á móti áhugasömum og svo er auðvitað gott stefni viðkomandi á að kaupa sér svona hjól.“ Sem stendur eru félagar nfu talsins, allt saman menn á besta aldri sem hittast reglulega til að ræða hugðarefnið og skella sér á rúntinn. „Konurnar hafa hins vegar af einhverjum ástæðum haldið sig í skefjum og ég auglýsi bara hér með eftir þeim.“

Ýmislegt er á döfinni hjá klúbbnum, meðal annars fyrirhuguð ferð til Indlands að sögn Guðmundar. „Við stefnum á að fara saman út eftir svona þrjú til fjögur ár og þá ætla ég að nota tækifærið og sýna félögnum hversu hentugt er að ferðast um á svona hjólum og lenda í spennandi ævintýrum á framandi slóðum.“ *roald@frettabladid.is*

500 kúbika vél, sparneytið og afar meðfærilegt að sögn eigandans sem þykir þó einna mest vert um útlitið en það er nákvæm eftirmynd hjóla frá seinni heimsstyrjöldinni. „Indverjarnir tóku við framleiðslu þessara hjóla af hendi Breta árið 1968 og þótti engin sérstök ástæða til að betrumbæta hana, þeim þótti hún einfaldlega svo vel heppnuð. Hjólin er því hægt að fá í lítilla upp færðum útgáfum eða í sinni upprunalegu

Nýr fyrirlestur með Matta Ósvald Sögur hugans

Fyrri hluti:

Miðvikudaginn 13. okt kl: 19.30-21.30

Bættu samstarfið við eigin huga.

Hefur þér mistekist að breyta slæmum ávæna, oftast en einu sinni.

Svaraðu 3 spurningum áður en þú leggur af stað í breytingar.

Óttinn sigraður.

2 Lykilatriði til að falla ekki í „gamla farið“.

Skemmtilegar sögur sem minnka mótstöðu undirvitundar gegn breytingum.



Seinni hluti:

Fimmtudaginn 21. okt kl: 19.30-21.30



maður lifandi

Skráning er hafin í síma 585-8701 eða á gg@madurlifandi.is Nánari upplýsingar á madurlifandi.is

Borgartúni 24
105 Reykjavík

Hæðasmára 6
201 Kópavogi

Hafnarborg
220 Hafnarfjörður

Rafstilling ehf

Viðgerðarþjónusta
Varahlutir

Startarar
Alternatorar

Flottar og ódýrar
bilaperur

Heimilis LED perur
white og warm white

Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 581-4001

OLANG

Þeir eru komnir

B/A/S/L/E/R
Skiopholt 29b, s:551-0770

Skráðu þig inn – drífu þig út
Ferðafélag Íslands

Fyrsta myndakvöld Ferðafélags Íslands á þessum vetri verður haldið í sal félagsins í Mörkinni 6 miðvikudaginn 13. október og hefst kl. 20.00.

Myndakvöldið ber yfirskriftina:
Sumar á fjöllum
 og verða sýndar myndir úr ferðum Ferðafélags Íslands á liðnu sumri.

Dagskráin verður sem hér segir:
Litast um í Lónsöræfum
 – Hjalti Björnsson sýnir myndir úr gönguferðum um Lónsöræfi.
Votlendi og víðerni
 – Þóra Ellen Þórhallsdóttir sýnir myndir úr Þjórsárverum.
 Kaffihlé
Frá Hattveri til Hornstranda
 – Páll Ásgeir Ásgeirsson sýnir myndir af Fjallabaki, úr Djúpárdal, Hornströndum og víðar.
 Kaffi og meðlæti er innifalið í aðgangseyri að vanda.

Geymslu- og dekkjahillur

í bílskúrinn, geymsluna, heimilið og fyrirtækið

Þessar hillur geta allir sett saman
 Skrúfufritt og smellt saman

Ísold ehf.
 Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
 Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS OPIÐ 08:00 - 17:00

Auglýsingasími

512 5050

FRETTABLAÐIÐ
 Ræðingur fyrir markaðsmenn

Allt sem þú þarft...



Stórar, þykkar, síðar og jafnvel pínulítið munstraðar peysur eiga upp á pallborðið í vetur ef marka má tískutímaritið www.vogue.com. Sannarlega notaleg tíska þar á ferð.

TÍSKA

Heitir kroppar

Farmers Market hefur sett á markað haust- og vetrarlínu.

„Þetta er í raun eðlilegt framhald á því sem við höfum verið að gera; við byrjuðum á að vinna peysur upp úr íslenskri ull og höfum smám saman verið að bæta við þær kjólum, buxum og yfirhöfnum og erum að verða komin með alklæðnað,“ segir Jól Pálsson, annar eigenda Farmers Market sem hefur sent frá sér haust- og vetrarlínu. Hún samanstendur meðal annars af peysum, yfirhöfnum og nærfötum fyrir dómur og herra og á Bergþóra Guðnadóttir sem endrænær heiðurinn að öllum fötum vörumerksins.

„Við lögðum upp með þá hugmynd að hanna hvort tveggja í senn fallegar og hlýlegar yfirhafnir, á meðan nærfötin eru



Reykjahlið ungbarnagalli er hluti af nýju haust- og vetrarlínu Farmers Market. Hann fæst í stærðum 6-12 og 12-18 mánaða.



okkar útfærsla á sígildum ullarnærfötum sem Íslendingar hafa klæðst gegnum tíðina.“ Þá er óuppatalinn sérstakur barnagalli. „Við höfum áður hannað á börn en þetta er fyrsta flíkin sem við hönnum sérstaklega með ungabörn í huga,“ segir Jól.

Hann getur þess að erlendis hafi viðtökurnar við Farmers Market farið fram úr björtustu vonum þar sem hópur söluaðila stækkar stöðugt. „Fötin fást nú í Nörngaard á Strikinum í Kaupmannahöfn og Japanar eru mjög spenntir fyrir okkar vörum, þar hafa Nephenters, Mitsukoshi og Beams bæst í hóp söluaðila,“ nefnir hann sem dæmi.

Ný útfærsla á anorakksponjóinu HOF. Alpaka og ull með viskósfóðri og tölu úr lambshorni.



Konur í karlaskyrtnum

Viktor & Rolf vilja að konur klæðist karlmannsskyrtum og jafnvel að þær séu hver ofan á annarri.

Að sjá konur í karlmannsskyrtu er ekki endilega nýtt af nálinni. Að sjá konur í hverri skyrtunni yfir annarri er þó eitthvað sem ætti að vekja athygli og jafnvel undrun.

Á tiskusýningu tvíeykisins Viktor & Rolf mátti þó sjá hið síðarnefnda á lögulegum fyrirsætum, sem þrömmuðu eftir tiskupöllunum í París á grófum, litríkum skóm í anda sjöunda áratugarins. Hvort sem þær voru í buxum eða pilsu, brúðarkjól eða þunnum sumarkjól minnti lína tvímenninganna á að karlmannsskyrtur hæfðu hinum fínustu tiskudrósum. Litirnir voru léttir og leikandi með hvítum og svörtum undirtóni og einstaka bleikum og bláum lit.

- jób

2 fyrir 1
25 mínútna
kinverskt fótanudd
Verð: 4.500 kr.

Tilboðið gildir alla virka daga í október 2010

Sími: 444-4085 / 662-0485 massage@dongfang.is www.dongfang.is

DONG FANG SALON
HOTEL LOFTLEIRIN

ZUMBA® á NordicaSpa

Ný námskeið hefjast 18. okt.

Dansaðu þig í fanta form!

- » Mikil fitubrensla – eykur þol og styrk
- » Latin-tónlist (salsa, cumbia, merengue, raggaeton, samba og fleira)
- » Auðveld spor fyrir allan aldur
- » Handklæði við hverja komu
- » Herða- og höfuðnudd eftir hverja æfingu

4 vikna námskeið
2 fastir tímar + 5 opnir Zumba-tímar
Verð: 19.900 kr.
Innifalinn aðgangur að tækjasal, opnum tímum á stundaskrá og SPA-inu.

Skráðu þig strax í síma 444 5090

N O R D I C A S P A

www.nordicaspa.is

Haustútsala í gangi!
á völdum vörum til sunnud.

50% afsl.

smárar

„Geðveikur“ kjóll
Litir: herm, græn, Svartur, mörka, brún
4.990,-

Flottar leggings
Tilboð: 990,- Verð áður 2.790,-

INNEIGNI!
Gegn framvísun auglýsingarinnar
(Gildir á nýjar vörur til sunnudags)

OPIÐ
MÁNUD. TIL MIÐVIKUD. 11-19
FIMMTUD. TIL KL. 21
LAUGARD. 11-18
OG SUNNUD. 13-18

3 SMÁRAR SMÁRALIND
SÍMI 578 0851



skekkilegri



AGÚSTA EVA, PÉTUR JÓHANN & VIGNIR RAFN

Hlemma Vídeó

NÝR DREPPFYNDINN GAMANPÁTTUR

VHS

HEFST 24. OKTÓBER

Ný alíslensk og hörkuspennandi gamanpáttaröð í 12 þáttum. Siggi Hlemm er fráskilinn ljúflingur á fertugsaldri sem erfir myndbandaleigu eftir föður sinn. En rekstur myndbandaleigu er honum síður en svo efst í huga því lengi hefur hann gælt við þá hugmynd að gerast alvöru einkaspæjari. Úr því rætist þegar hann flækist inn í stórhættulegt og eldfimt sakamál sem teygir anga sína mjög víða.

**ÞAÐ ER AUÐVELT
AÐ KAUPA ÁSKRIFT Á
STOD2.IS**

HVAD
ERT ÞÚ AÐ FÁ
FYRIR
PENINGINN?

10 KLST.* EDA



AF SJÓNVARPSEFNI
HJÁ RÚV

12 KLST.* EDA



AF SJÓNVARPSEFNI
HJÁ SKJÁ EINUM

56 KLST.*



AF FRÁBÆRRI SKEKMTUN
FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

Stöð 2, Stöð 2 Bío og Stöð 2 Extra kosta aðeins 229 krónur á dag í Stöð 2 Vild. Tryggðu þér áskrift í dag!

VILDARÁSKRIFT AÐ STÖÐ 2 INNIHELDUR AUK STIGVAXANDI AFSLÁTTAR.

512 5100 | STOD2.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000

*Sýningartími að meðaltali á sólarhring.

LÆGRA VERÐ

FYRIR HEIMILIN
Í LANDINU

LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ
Í HÚSASMÍÐJUNNI



57.800,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ

Frigor
5 ára ábyrgð

Kæliþými 171 ltr.

Frystiþými 41 ltr.

Orkunýting A

Kæli/frystir
Orkunýting A
143x 58x 55 cm
1805498



5 ára ábyrgð
Electrolux

5 kerfi

12 manna

87.590,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ

Þvotthæfni A

Orkunýting A

Þurkhæfni A

47 dB

Uppþvottavél
ESF 65052W
82/88 x 59,6 x 57,5cm
1805331



4.885,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ

Innimálning
Góð veggmalning innanhúss
Gljástig 10.
7119961



Sturtuhorn

25.900,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ

Sturtuhorn
Hamrað gler, 80 cm botn.
8028600



3.790 kr/m²

Tarkett

LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ

Ein bestu kaupin í dag!

Sænskt gæða parket
frá Tarkett
Eik Robust 3ja, stafa lakkað
146800



1.490 kr/m²

LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ

Veggflís
Blanco Rustico inniflísar
20x25 cm
8611001



Perur Osram
Glærar 40W/60W.
10 stk. í pakka.

10 STK.

590,-

LÆGSTA
LÁGA
VERÐIÐ

Húsasmiðjan lækkar verð

á völdum vörum og lætur ávinning af nýjum og betri samningum við framleiðendur renna beint til neytenda. Við leggjum okkur fram um að bjóða lægra verð til hagsbóta fyrir heimilin í landinu. Það köllum við lægsta lága verðið í Húsasmiðjunni!

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um prentvillur og myndavíxl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.



HÚSASMÍÐJAN

timamot@frettabladid.is



STEINN STEINARR skáld fæddist þennan dag árið 1908
„Þegar stór tíðindi gerast eiga litlir kallar að þegja.“



Ástkær eiginmaður, stjúpfaðir,
bróðir, mágur og frændi,

Páll Stefánsson

framreiðslumaður, Asparfelli 6,
Reykjavík

verður jarðsönginn frá Stóra-Núpskirkju laugardaginn
16. október kl. 14.00.

Nataly Stefánsson

Tatiana Helgason
Amalía Stefánsdóttir
Guðný Stefánsdóttir
Hafsteinn Stefánsson
og frændsystkini.

Haukur Helgason
Leif Bryde

Sigrún Óla



Innilegar þakkir til allra sem sýndu
okkur samúð og hlýðug við andlát og
útför ástkærrar móður okkar, tengda-
móður, ömmu og langömmu,

Brynhildar Eydal

Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð,
Reykjavík.

Anna Inger Eydal
Guðfinna Inga Eydal
Matthías Eydal
Margrét Hlíf Eydal
barnabörn og barnabarnabörn

Jóhannes Magnússon

Bergþóra Vilhjálmisdóttir
Friðrik Sigurðsson



EINFÖLD MÆLING Dóra hvetur þá sem finna fyrir einkennum frá öndunarfærum til að fara í mælingu en fráblástursmælar eru til á öllum heilsugæslustöðvum.

ALPJÓÐLEGUR DAGUR ÖNDUNARMÆLINGA: HALDINN Í FYRSTA SINN Á MORGUN

Mikilvægt að greina snemma

Árið 2010 hefur verið útnefnt ár lungna og verður fyrsti alþjóðlegi dagur öndunarmælinga haldinn á morgun. „Þetta er átak sem er stofnað til af alþjóðlegum samtökum lungnælækna í Bandaríkjunum, Evrópu og víðar. Yfir 600 viðburðir eru skipulagðir um allan heim en markmiðið er að vekja athygli á því hversu mikilvægt það er að greina lungnasjúkdóma snemma svo að hægt sé að hefja viðeigandi meðferð,“ segir Dóra Lúðvíksdóttir, sérfræðingur í lungna- og ofnæmislækningum við Landspítalann. Hún segir það skipta sköpum að greina sjúkdóma eins og astma og langvinna lungnateppu á byrjunarstigi en að enn sé talsvert um að þessir sjúkdómar séu vangreindir hér á landi.

„Langvinn lungnateppa er fjórða algengasta dánarorsök í heimi, svo það er til mikils að vinna. Í dag eru um fimm prósent Íslendinga með astma og um átján prósent fjórutíu ára og eldri með skerta öndun sem getur bent til langvinnrar lungnateppu, þannig að vandamálið er nokkuð útbreitt,“ segir Dóra. Á alvarlegri stigum veldur langvinn lungnateppa fötlun og lífsgæðaskerðingu en ef hún er greind á fyrri stigum er hægt að grípa inn í með lyfjum, aukinni hreyfingu og með því að hjálpa fólki að hætta að reykja, svo dæmi sé nefnd. Dóra segir hreyfingu sérstaklega þýðingarmikla til að bæta öndun og koma í veg fyrir að ástand sjúklinga versni. „Hún losar slímið í lungunum og kemur í veg fyrir síðbúnar bakteríusýkingar í kjölfar veirusýkinga. Þá er hægt að draga talsvert úr lyfjanotkun með því að stunda reglubundna hreyfingu.“

Í tilefni af þessum fyrsta alþjóðlega degi öndunarmælinga verður boðið upp á ókeypis öndunarmælingar í húsa-kynnum SÍBS við Síðumúla 6 í Reykjavík milli klukkan 15 og 17 á morgun. Hjúkrunarfræðingar og læknar verða á staðnum og veita upplýsingar og ráðgjöf auk þess sem Jón Gnarr borgarstjóri er væntanlegur í mælingu klukkan 16. „Öndunarmæling er einföld rannsókn sem er framkvæmd með svokölluðum fráblástursmæli og er notuð við greiningu á lungnasjúkdómum. Með henni má meðal annars greina hvort fólk sem finnur fyrir einkennum frá öndunarfærum er með astma eða langvinna lungnateppu. Greiningin er einföld og tekur einungis 10 til 15 mínútur en fráblástursmælar eru til á öllum heilsugæslustöðvum,“ segir Dóra. Meðal þeirra sem hvattir eru til að fara í öndunarmælingu er fólk sem finnur fyrir einkennum frá lungum, þeir sem reykja eða hafa reykt, fólk sem er með þrálátan hósta og þeir sem finna fyrir áreynslumæði eða eru með slímuppgang frá lungum.

vera@frettabladid.is



Ástkær sambyliskona mín, móðir
okkar, tengdamóðir, amma
og langamma,

Helga M. Kristjánsdóttir

Kónsbacka 14, Reykjavík

lést á heimili sínu föstudaginn 8. október.
Hún verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í Reykjavík
mánudaginn 18. október kl. 13.00.

Bjarni Sigmar Kjartansson

Svanfríður Anna Lárusdóttir
Jónas Elí Bjarnason
Kristín Ýr Bjarnadóttir
barnabörn og barnabarnabarn,
systkini, vinir og vandamenn.

Marina Kelly
Brynjar Már Valdimarsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir,
afi og langafi

Haukur Guðjónsson

Klapparhlíð 5, Mosfellsbæ
(áður til heimilis Grænuhlíð 11,
Reykjavík)

lést á heimili sínu 11. október. Jarðsett verður frá
Fríkirkjunni í Reykjavík, föstudaginn 15. október
klukkan 13.00.

Hildur Rína Hauksdóttir

Hrefna Hauksdóttir
Sverrir Gísli Hauksson
barnabörn og barnabarnabörn.

Mike Draper
Kristín Guðmundsdóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir
og amma

Ása Sólveig

Þorsteinsdóttir

Barðastöðum 9, Reykjavík

lést á Krabbameinslækningadeild Landspítalans við
Hringbraut mánudaginn 11. október. Útför fer fram frá
Bústaðakirkju þriðjudaginn 19. október kl. 13.00.
Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem
vilja minnst hennar er bent á Ljósið.

María Guðmundsdóttir
Áslaug Guðmundsdóttir
Guðlaugur Guðmundsson

Guðmundur Valur Sævarsson
Þórey Birgisdóttir
og barnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir
og afi,

Jóhannes Bergþór Long

Kristnibraut 6, Reykjavík

sem lést á heimili sínu þriðjudaginn 5. október, verður
jarðsönginn frá Bústaðakirkju föstudaginn 15. október
kl. 13.00. Þeim sem vilja minnst hans er bent á heima-
hlynningu LSH í síma 543 1159.

Berglind Long
Íris Long
Helen Long
og barnabörn.

Gunnar Bergmann Traustason
Guðmundur Guðjónsson
Jón Ingi Hilmarrson

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli
og útfarir má senda á netfangið
timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á
auglysingar@frettabladid.is
eða hringja í síma 512 5000.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,
amma og langamma,

Lilja Eygló Karlsdóttir

Lækjasmára 2, Kópavogi,

lést 4. október síðastliðinn á Landspítala Háskóla-
sjúkrahúsi. Hún verður jarðsöngin frá Fríkirkjunni í
Hafnarfirði föstudaginn 15. október klukkan 15.00.
Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem
vildu minnst hennar er bent á Stómasamtök Íslands.

Ragna Gísladóttir
Karl Gunnar Gíslason
Ólafur Gunnar Gíslason
Jón Gunnar Gíslason
Gísli Gíslason
barnabörn, barnabarnabörn og aðrir aðstandendur.

Bryngeir Vattnes
María Einarsdóttir
Sigurbjörg Þorleifsdóttir
Margrét Árnadóttir
Anna Björg Haukdal



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir,
amma, langamma og langalangamma,

Lilja Ólafsdóttir

Dvalarheimilinu Nausti, Þórshöfn

sem lést 5. október sl., verður jarðsöngin frá
Þórshafnarkirkju, laugardaginn 16. október kl. 14.00.

Ólafía B. Matthíasdóttir

Oddný Matthíasdóttir
Ólafur Stefánsson
Magnea Stefánsdóttir
Einar Stefánsson
Jón Stefánsson

Þórarinn B. Gunnarsson
Bjarki Friðgeirsson
Matthildur Jóhannsdóttir

Steinfríður Alfreðsdóttir
Þorsteinn Sæmundsson
Guðlaug Ragna Jónsdóttir

Anna Jenny Einarsdóttir
barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabörn.



Ástkær bróðir okkar, mágur og frændi

Kristján Friðriksson

húsasmíðameistari,
Strikinu 10, Garðabæ

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi föstudaginn
8. október. Útförin fer fram frá Víðalínskirkju
í Garðabæ kl. 13.00 föstudaginn 15. október.

Fríða Friðriksdóttir
Ólöf S. Friðriksdóttir
Örn Friðriksson og systkinabörn

Ellert Jensson
Sigurður Tryggvason

MJÓLKUR- & OSTADAGAR Í HAGKAUP



Ostameistarar

ráðleggja um osta og aðrar mjólkurvörur

Einkapjálfarar

gefa ráð um notkun prótein- og íþróttadrykkja

Hjúkrunar- og næringafræðingar

ráðleggja um notkun Benecols við lækun blóðþrýsting

15. okt. í Hagkaup Skeifunni

16. okt. í Hagkaup Garðabæ

**TILBOÐ
15%**
afsláttur við kassa



GETRAUNALEIKUR Í SKEIFUNNI,
KRINGLUNNI OG GARÐABÆ
Komdu og giskaðu á magnið af
kókómjólk! Vegleg verðlaun í boði!

Pú færð kraft úr kókómjólk



**TILBOÐ
20%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
20%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
20%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
10%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
20%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
10%**
afsláttur við kassa

**TILBOÐ
20%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
10%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
10%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
15%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
10%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
10%**
afsláttur við kassa



**TILBOÐ
10%**
afsláttur við kassa



Gildir til 17. október á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

krossgáta

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. getraun, 6. tímaeining, 8. mælieining, 9. þrjónavarningur, 11. gjaldmiðill, 12. málum, 14. ósannindi, 16. pot, 17. æxlunarkorn, 18. óðagot, 20. tónlistarmaður, 21. traðkaði.

LÓÐRÉTT

1. sleipur, 3. í röð, 4. skerðing, 5. dýrahljóð, 7. yfirmannslegur, 10. stykki, 13. ískur, 15. drykkur, 16. margsinnis, 19. eldsneyti.

LAUSN

LÁRÉTT: 2. gáta, 6. ár, 8. bar, 9. les, 11. k, 12. litum, 14. skrók, 16. of, 17. gró, 18. fúm, 20. k, 21. tróð.
LÓÐRÉTT: 1. hall, 3. áb, 4. takmörk, 5. urr, 7. reistur, 10. stík, 13. urg, 15. kóko, 16. of, 19. mó.



Gorenje veggháfur

DK450

60 cm veggháfur.
Afkastageta 450 m³/klst.,
ryðfrí stáláferð.

Tilboðsprenna



Gorenje helluborð

EC630ASC

Keramík helluborð,
stækkanleg hella,
viðvörunarljós fyrir heitar
hellur og snúningsrofar.



Gorenje blástursofn

B07310AX

Fjölkerfa ofn með 8 stillingum.
Nýtanlegt rými í ofni: 60 l.
Klukka, snertiskjár og
hreinsibúnaður.
Ryðfrítt stál.

Allt saman verð 271.700

Tilboð

199.900

Reykjavík · Skútuvogur 1 · Sími 562 4011
Akureyri · Draupnigata 2 · Sími 460 0800
Reyðarfjörður · Nesbraut 9 · Sími 470 2020

RÖNNING

Niðurskurður í vinnustaðahúmor

BAKPAKKAR
Sifjar Sig-
marsdóttur

Grænmetisætur lifa ekki lengur en við hin – þær líta bara út fyrir að vera eldri.

SAMA dag og grænmetisafurðum rigndi yfir íslenskan þingheim við setningu Alþingis setti breska þingið lög sem vernda grænmetisætur gegn bröndurum sem þeim hér að ofan. Með nýrri löggjöf um jafnrétti á breskum vinnustöðum er nú bannað að segja brandara um grænmetisætur, trúleysingja og bindindisfólka á skrifstofunni – vernd sem aðeins trúarhópar höfðu fram að þessu.



RAUÐHÆRÐIR eru reiðir því þeirra er ekki sérstaklega getið í lögunum. Skrifstofu-brandarakallinn er alveg æfur yfir að vegið sé að persónu hans og lífsköllum. Ég get hins vegar trútt um talað þar sem ég er svo lánsöm að falla í einn þeirra flokka sem nú er bannað að gera grín að (nei, ljóskubrandararnir fengu ekki að fjúka). En eins vel og það hljómar að vera undanþegin háði þegar kemur að trúarskoðunum mínum – eða réttara sagt skorti á þeim – hefði ég afsalað mér slíkum munandi án þess að hika í skiptum fyrir vernd ákvæðis sem bresk stjórnvöld létu fjarlægja úr lagabálknunum áður en hann var lagður

fyrir þingið – ákvæði sem stuðlað hefði að raunverulegu og áþreifanlegu jafnrétti á vinnustöðum. Klausan sem stjórnvöld guggnuðu á átti að draga úr kynbundnum launamun með því að skylda atvinnurekendum til að veita starfsfólki upplýsingar um hver laun karla eru miðað við laun kvenna.

EINS og fljúgandi grænmetisafurðirnar báru vott um við setningu Alþingis bíður íslenskra ráðamanna erfitt og lítt öfundsvvert starf. Eitt af fyrstu fórnarlömbum óhjákvæmilegs niðurskurðar í ríkisútgjöldum var fæðingarorlofsjórður. Margur hefur bent á að slíkur niðurskurður komi niður á börnum sem verði af samvistum við foreldra – einkum feður. En aðgengi beggja foreldra að fæðingarorlofi er einnig jafnréttismál. Fæðingarorlof átti ekki aðeins að stuðla að aukinni þátttöku feðra í umönnun barna og almennu heimilishaldi heldur jafnrétti kynjanna á vinnumarkaði. Fæðingarorlof átti að draga úr hvata atvinnurekanda til að mismuna gegn konum við ráðningar af ótta við að þær hyrfu skyndilega í barneignarleyfi.

TIL AÐ vinna gegn skaðanum sem niðurskurður í fæðingarorlofsjórði kann að valda jafnréttisbaráttunni, hvernig væri ef íslensk stjórnvöld enduryrnu það sem féll af bresku lögunum um jafnrétti á vinnustað? Þetta er einfalt úrræði – og það er alveg ókeypis.

myndasögur

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



„STÓRKOSTLEG NETSPILUN...“
- 8,5 AF 10 / GAMESMASTER

„CALL OF DUTY ER KOMINN
MEÐ SAMKEPPNI...“
- OFFICIAL XBOX MAGAZINE

„BESTI NETSPILUNAR-
LEIKURINN Á E3...“
- GAMESPY


STRÍÐIÐ HEFST 14. OKTÓBER!

MEDAL OF HONOR™

VILTU
EINTAK!

10. HVER
VINNUR!

SENDU SMS EST MHV
Á NÚMERIÐ 1900.
ÞÚ GÆTIR UNNIÐ EINTAK!
Fullt af aukavinningum:
Tölvuleikir · DVD myndir og fleira!



KOMIN Á DVD!

Sannleikurinn

Gamanleikur með Péttri Jóhanni Sigfússyni



VILTU
VINNA
EINTAK!



10. HVER
VINNUR!

SENDU SMS EST ELV
Á NÚMERIÐ 1900
OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

FULLT AF AUKAVINNINGUM
TÖLVULEIKIR • DVD MYNDIR
GOS OG MARGT FLEIRA!

Vinningar afhentir í ELKO Lindum. 199 kr/skeytið.
Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

menning

menning@frettabladid.is

Bölvunin í óperunni

Tónlist ★★★

Rigoletto eftir Verdi

Íslenska óperan

Leikstjórn: Stefán Baldursson
Hljómsveitarstjórn: Daníel Bjarnason

Rigoletto var frumsýnd í Íslensku óperunni á laugardagskvöldið. Þar í aðalhlutverki er kroppinbakurinn Rigoletto, sem er eins konar hirðfífl. Sérgrein hans er að gera grín að óvinum vinnuveitanda síns. Það er hinn kvensami hertogi af Mantua. Einn af þessum óvinum er greifinn Monterone. Hertoginn hefur svívirt dóttur hans og Monterone er ekki ánægður. Þegar hann kemur til að skammast gerir Rigoletto gys að honum. Þá verður greifinn brjál-aður og leggur bölvun á hann.

Það er til marks um fremur flata leikstjórn Stefáns Baldurssonar að þessi lykilatburður var hálf-ómerkilegur, a.m.k. á frumsýningunni. Bergþór Pálsson var í hlutverki Monterone. Þótt hann sé flottur söngvari er hann ekki með sérlega kraftmikla rödd. Leikstjórnin hefði átt að útfæra bölvunina betur. Ekki bara láta Bergþór syngja. Hann hefði átt að gefa honum meira vægi. Láta söngvarann leggja ríkulegri áherslu á bölvunina með leik og látbragði. Bergþór er frábær leikari, en hér fékk hann ekki að njóta sín.

Upphafssenau var líka skringileg. Hún var einhvers konar útrásarpártí – ef hægt er að nota það orð. Auðugur gestgjafi og nóg af fáklæddum konum. Erótískir tilbúðir kvennanna voru tilgerðarlegir og klisjukenndir. Dansarnir beinlínis hallærislegir. Kannski áttu þeir að vera það, en þeir hefðu þá mátt vera myndnari. Og hertoginn, gestgjafinn sem var leikinn af Jóhanni Friðgeiri Valdimarssyni, var svo rogginn, svo fullur af gorgeir, að það missti marks. Jóhann Friðgeir er enginn sérstakur leikari, en hefði ekki verið hægt að leikstýra honum betur?

Jóhann Friðgeir er þó eftirtektarverður söngvari. Hlutverkið er heldur hátt fyrir rödd hans en hann



LÖSAMYND/GISLI HRAPNSSON

veldur því nokkuð vel. Hæðin gerði það helst að verkum að mýkri hliðar söngsins komu ekki sérlega vel fram. Jóhann þurfti of mikið að einbeita sér að tæknilegum hliðum söngsins. Það vantaði glæsileikann og áreynsluleysið.

Meiri kraftur var í söng Ólafs Kjartans Sigurðarsonar, sem var í hlutverki Rigolettos. Og leikurinn var framúrskarandi. Sambandið við dóttur hans var ekta. Hefndarþorstinn, þegar hún var flekuð af hertog-anum, kom beint frá hjartanu. Ólafur Kjartan hefur sterka nærveru, burtséð frá allri leikstjórn. Söngurinn var samt dálítið einhæfur, fullmikið í efsta girnum. Meiri undiralda, fleiri litir og andstæður hefðu gert túlkunina áhrifameiri.

Stjarna sýningarinnar var Þóra Einarsdóttur í hlutverki dóttur Rigolettos. Hjá henni fór allt saman, trúverðugur leikur og margbrotinn, forkunnarfagur söngur. Frammi-staða hennar var einstök.

Aðrir söngvarar í minni hlutverkum stóðu sig ágætlega. Jóhann Smári Sævarsson var notalega subbulegur sem leigumorðingi. Systir hans, sem Sesselja Kristjánsdóttir lék, var glyðrúleg á réttan hátt. Ágúst Ólafsson í hlutverki kokkáláðs eiginmanns var frábær. Aðrir voru líka góðir. Og kórinn var flottur.

Daníel Bjarnason stjórnaði tónlistinni. Hljómsveitin var pottþétt,

með sitt á hreinu. Og ákjósanlegt jafnvægi var á milli söngvaranna. Styrkleikahlutföllin á milli söngvara og hljómsveitar voru þó ekki alltaf rétt. Maður hefði viljað fyllri hljómsveitarhljómsveit og veikari söng hér og þar. Sérstaklega í byrjun. En dramað í hljómsveitarróddinni skil-aði sér almennt þrýðilega.

Lítið er hægt að segja um búa-inga Filippíu Elísdóttur og leikmynd Þórunnar S. Þorgrímsdóttur. Hvort tveggja var látlaust; fátt sem gladdi augað. Maður dáðist ekki að neinu. En það virkaði. Lýsing Páls Ragnarssonar var líka smekkleg, og rétta andrúmsloftið var a.m.k. alltaf til staðar.

Í það heila er Rigoletto ágæt sýning, þrátt fyrir þá annmarka sem hér hafa verið tíundaðir. Sumt var jú hallærislegt og skaut skökku við. Það vandist samt undarlega vel, meira og meira eftir því sem á leið. Og það var auðfundið að söngvararnir skemmtu sér konunglega í hlutverkum sínum. Þessi smitandi sönggleði skipti máli. Hún á ekki lítinn þátt í því að sýningin fær hér þrjár stjörnur.

Jónas Sen

Niðurstaða: Á margan hátt góð uppfærsla á Rigoletto. Tónlistarflutningurinn var yfirleitt vandaður. Leikstjórnin hefði mátt vera meira spennandi. Sumir söngvararnir voru frábærir, aðrir síðri.

DÍSA

Ljósálfur

„Ég get reynt
að kyssa þig.
Bara til að sjá
hvort þú breytist ekki.
Í frok.
Mig vantar brúði.“
Jeremias froskaprins



Miðasala á midi.is og í Austurbæ

MEISTARA KRIMMI

Grípandi saga úr íslenskum samtíma, áleitin og nístandi

Morgunengill er tvímælaust besta sakamálasaga Árna Þórarinssonar til þessa en bækur hans hafa hlotið frábærar viðtökur og mikið lof víða um heim.

„Meistarakrimmi.
Besta bók Árna Þórarinssonar.
Hugrökk og sönn.“

ÁRNI MATTHÍASSON,
BLAÐAMAÐUR, MORGUNBLAÐINU

„Spennandi og afhjúpandi,
óhugnanleg og mjög óvænt í lokin.“

KATRÍN JAKOBSDÓTTIR,
MENNTAMÁLARÁÐHERRA



„Spennuþrungnar sögur Árna Þórarinssonar
bera af öðrum fyrir glöggt innsæi höfundar ...“

MICHEL PAROUTY, LES ÉCHOS (UM DAUDA TRÚBSINS)

JPV

JPV ÚTGÁFA

www.forlagid.is

NÝTT Í BÍÓ!

GEORGE CLOONEY THE AMERICAN
HANN UNDIRBYR SÍÐASTA VERKEFNIÐ EN GRUNAR AD EKKI ER ALLT MEG FELLOU.

BRIM
TIL TAKA OG VESTURPURT KYNNNA
WALDO GEFON HAFID TEKUR
★★★★★
J.V.J., DV

JULIA ROBERTS LUXUS
H.G., MBL

BEN STILLER GREENBERG

WALL STREET
DOUGLAS F. LUTTERBERG
MICKEY NEVER SLEEPS

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000

THE AMERICAN	kl. 5:40 - 10:40	14
BRIM	kl. 4 - 6 - 8 - 10	14
EAT PRAY LOVE	kl. 5 - 8 - 10:45	L
EAT PRAY LOVE LUXUS	kl. 8 - 10:45	L
PIRANHA 3D	kl. 10:40	16
WALL STREET 2	kl. 8	L
AULINN EG 3D	kl. 3:40 - 5:50	L
AULINN EG 2D	kl. 3:40	L

HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919

GREENBERG	kl. 8 - 10:20	12
BRIM	kl. 6 - 8 - 10	12
R	kl. 6 - 10	16
EAT PRAY LOVE	kl. 6 - 9	L
SUMARLANDIÐ	kl. 6 - 8	L

BORGAR BÍÓ Sími 462 3298

THE SOCIAL NETWORK	kl. 8 FORSYNING	7
BRIM	kl. 5:30	L
THE AMERICAN	kl. 8 - 10:30	14
EAT PRAY LOVE	kl. 5:30 - 10	L

facebook.com/smarabio **5%**

NÝTT Í BÍÓ Sími: 553 2075 bara lúxus

LAUGARÁS BÍÓ

GEORGE CLOONEY THE AMERICAN

Dinner for Schmucks
Steve Carell, Fred Raski

AULINN EG
Pjetur Jóhann Sigurðsson

SÝNINGARTÍMAR

THE AMERICAN	5:45, 8 og 10:20	14
DINNER FOR SCHMUCKS	5:45, 8 og 10:20	7
WALL STREET	10	L
AULINN EG 3D	6	L
THE EXPENDABLES	8	16

BESTA SKEMMTUNIN SAMBÍÓINN

TOWN
BEN AFFLECK LEIÐUR BANKARÆNINGJA Í SINNI BESTU MYND TIL ÞESSA

FURRY VENGEANCE
DÝRIN ERU MÆTT... OG ÞAU ERU EKKI ÁN EGGD!
BRÁÐSKEMMTILEG GRINMYND FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

ALFABAKKA

THE TOWN	kl. 6 - 8 - 10	16
THE TOWN	kl. 8 - 10:40	16
ÓRÓI Forsýning Kvikmyndir.is	kl. 10:40	12
FURRY VENGEANCE	kl. 6 - 8	12
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 6 - 8:15 - 10:30	7
SOLOMON KANE	kl. 8:15 - 10:40	16
SOLOMON KANE	kl. 5:50	16
GOING THE DISTANCE	kl. 8:30	L
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 6	L
AULINN EG M/isl Tali	kl. 6	L
THE GHOST WRITER	kl. 10:40	12

KRINGLUNNI

DAS RHEINGOLD Ópera	kl. 6 /	L
THE TOWN	kl. 8 - 10:10 - 10:40	16
FURRY VENGEANCE	kl. 6	L
GOING THE DISTANCE	kl. 8	L
ALGJÖR SVEPPI-3D	kl. 6	L
STEP UP 3-3D Sýnd á morgun	kl. 8	7
INCEPTION	kl. 10:10	12

AKUREYRI

FURRY VENGEANCE	kl. 6	L
THE TOWN	kl. 8 - 10:30	16
ALGJÖR SVEPPI	kl. 6	L
DINNER FOR SCHMUCKS	kl. 8 - 10:10	L

SELFOSSI

WALL STREET 2	kl. 8 - 10:30	L
EAT PRAY LOVE	kl. 8	L
SOLOMON KANE	kl. 10:30	16

HALTU UPP Á AFMÆLIÐ Í BÍÓ SENDIÐ FYRIRSPURNIR Á HOPAR@SAMBIO.IS



NÝTT BLÓÐ Í BLOODGROUP Sunna Margrét gekk nýlega til liðs við hljómsveitina Bloodgroup. Við hlið hennar standa Hallur, Janus og Ragnar Láki.

Bloodgroup fer á flug á ný

Nóg er fram undan hjá hljómsveitinni Bloodgroup, sem fékk nýlega til liðs við sig söngkonuna Sunnu Margréti. Eftir Iceland Airwaves-hátíðina heldur hljómsveitin til Bandaríkjanna og svo er Evrópa handan við hornið.

„Sunna stendur sig vel og það er mjög spennandi að taka alvöru ferðalag með henni. Þetta verður eldskírni,“ segir Ragnar Láki úr hljómsveitinni Bloodgroup. Sunna Margrét Þórisdóttir tók nýlega við af Lilju Kristínu Jónsdóttur sem söngkona Bloodgroup. Strangt þóttur er fram undan hjá hljómsveitinni, sem kemur tvisvar fram á Iceland Airwaves í vikunni, á Nasa í kvöld og aftur

á föstudagskvöld. Eftir að hátíðinni lýkur stekkur Bloodgroup upp í flugvél og heldur til New York og kemur fram á CMJ-tónlistarhátíðinni.

„Við spilum á nokkrum tónleikum þar,“ segir Ragnar. „Svo strax eftir áramót tókum við Evrópu eins og hún leggur sig. Ég held að við sleppum þremur, fjórum löndum. Þetta eru eitthvað um 25-30 tónleikar á mánuði. Þetta verður klikkuð vinna.“

Ragnar viðurkennir að sérstaklega mikil pressa sé á nýju söngkonunni, enda leysir hún af systur sína og Halls, sem hefur einnig verið í hljómsveitinni frá upphafi. „Við erum mjög leiðinlegir við hana. Það er bara svipan á æfingum,“ grínast Ragnar og bætir við á alvarlegri nótum: „Sunna hefur verið forsk með okkur. Hún stendur sig alveg ljómandi vel.“

atlifannar@frettabladid.is

DRY LAND Á VÍNIL

„Vínillinn er í fyrsta lagi mjög töff og í öðru lagi er fullt af vínillperrum þarna úti,“ segir Ragnar Láki.

Bloodgroup sendir frá sér plötuna Dry Land á vínili dag, en hún kom út á geisladiski í fyrra. Vínilútgáfa hefur sótt í sig veðrið undanfarið og nú er svo komið að gríðarlega margar hljómsveitir kjósa að nýta þessa fornfrægu útgáfutegund. „Þetta er smám saman að verða þannig að útgáfur eru á Netinu og svo á vínili,“ segir Ragnar og bætir við að vínilplöturnar verði teknar með á fyrirhuguð tónleikaferðalög. „Við erum líka með skemmtilega leiki á Bloodgroup.is þar sem við erum að gefa vínili.“



Snertir ekki gítarinn

Noel Gallagher, fyrrverandi liðsmanni Oasis, finnst ágætt að vera í pásu frá tónlistarbransanum.

Hann hefur ekki spilað á gítar í marga mánuði og finnst það bara allt í lagi. „Það er fínt að láta sér leiðast,“ sagði Gallagher í viðtali við The Sun. „Að stara bara út um gluggann og velta fyrir sér hvort ég eigi að endurraða geisladiskunum mínum eða hvort ég eigi að telja skiptimyntina sem ég geymi í viskíflöskunni er í góðu lagi.“ Oasis lagði óvænt upp laupana á síðasta ári eftir heiftarlegt rifrildi á milli Gallagher-bræðranna Noels og Liams.



NOEL GALLAGHER

Ég vann að matreiðslubókinni minni í allt sumar. Úti í Hrísey að sjálfsögðu.

Þetta dagsins: **SJÁVARRETTASÚPA VÍKVERJANS**

— Þú finnur fjölda gírnilegra uppskrifta að kvöldmatnum á www.gottimatinn.is

BÍÓ PARADÍS

INNÍ TÓMIÐ (ENTER THE VOID) 16	18:00, 21:00
VETRARMEIN (WINTER'S BONE) 14	17:10, 19:10, 21:10
LENNON UNGI (NOWHERE BOY) L	17:20, 19:20, 21:20
BACKYARD	13:10, 17:10, 19:30, 21:30

ENGLISH SUBTITLES

SYNDI SAMVINNUVIÐ græna ljósið

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR

WWW.BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

Herradeild:

20%

afsláttur af öllum
nýjum vörum frá
**Lindbergh, Shine,
Bison og Maine**

Útsalan byrjar

Rýmum fyrir nýjum vörum

Haustútsala

Allt að

70%

afsláttur af völdum vörum

DEBENHAMS

HINN FULLKOMNI FATASKÁPUR

NÆSTU 6 VIKUR Í SPORTHÚSINU

Hóppjálfun fyrir karla 6 vikna námskeið fyrir karla hefst 18. október

Æfingar aðlagðar að þörfum karla þar sem áhersla er lögð á:

ÞOL - STYRK - BRENNSLU - ÚTHALD

Dú hefur val um að mæta í 3 af eftirtöldum 6 tímum á viku.

kennt er: mán + mið + fös
kl: 06:00 á morgnana og
kl: 18:30 síðdegis

verð aðeins 19.900 kr.

Þjálfarar:
Lára Sigríður Örlýgsdóttir &
Guðmundur Pétur Yngvason



Hóppjálfun fyrir konur 6 vikna námskeið fyrir konur hefst 18. október

Fyrir konur sem vilja alvöru átök og mikið aðhald í frábærum félagsskap

Dú hefur val um að mæta í 3 af eftirtöldum 6 tímum á viku.

kennt er: mán + mið + fös
kl: 06:00 á morgnana

og mán + þrið + fim
kl: 17:30 síðdegis

verð aðeins 19.900 kr.

Þjálfarar:
Lára Sigríður Örlýgsdóttir &
Guðmundur Pétur Yngvason



Hádegis Púl fyrir konur hefst 19. október

6 vikna aðhaldsnámskeið fyrir konur sem vilja æfa í hádeginu áhersla lög á fjölbreyttar æfingar, aðhald, stuðning og fræðslu

kennt er á þri + fim + fös kl: 12:00

Þjálfari: Guðrún Lovisa Ólafsdóttir
menntaður hjúkrunarfræðingur,
einkaþjálfari og þolfimikennari



skráningar í s: 564-4050 eða gunnhildur@sporthusid.is

SPORTHÚSIÐ

heilsurækt fyrir alla

DALSMÁRA 9 - 11 • KÓPAVOGI • S. 564 4050

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL.20.55
Grey's Anatomy

Sjöunda sería þessa vinsæla dramabáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalanum í Seattle þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar. Flókið einkalíf ungu læknanna á það til að gera starfið enn þá erfiðara.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

- 06.39 Morgunútlarp hefst
- 06.40 Veðurfregnir
- 06.50 Bæn
- 07.03 Vít og breitt
- 07.30 Fréttayfirlit
- 08.00 Morgunfréttir
- 08.05 Morgunstund með KK
- 08.30 Fréttayfirlit
- 09.05 Okkar á milli
- 09.45 Morgunleikfimi
- 10.03 Veðurfregnir
- 10.13 Trío
- 11.03 Samfélagið í nærmynd
- 12.00 Hádegisútlarpíð
- 12.20 Hádegisfréttir
- 12.45 Veðurfregnir
- 12.50 Dánarfregnir og auglýsingar
- 13.00 Ljósíð tendrað - Upphaf Ríkisútlarpsins
- 14.03 Tónleikur
- 15.03 Útlarpssagan: Stormur
- 15.25 Skorningar
- 16.00 Síðdegisfréttir
- 16.05 Víðsjá
- 18.00 Kvöldfréttir
- 18.21 Spegillinn
- 18.50 Veðurfregnir
- 18.53 Dánarfregnir
- 19.00 Endurómur úr Evrópu
- 20.00 Leynifélagið
- 20.30 Tolstoj: Aldarminning
- 21.10 Út um græna grundu
- 22.05 Veðurfregnir
- 22.10 Orð kvöldsins
- 22.15 Bak við stjörnumar
- 23.05 Flakk
- 00.05 Næturtonar

ÚTVARP FM

- FM 88,5 XA-Radíó
- FM 90,1 Rás 2
- FM 90,9 Gullbylgjan
- FM 91,9 Kaninn
- FM 93,5 Rás 1
- FM 95,7 FM957
- FM 96,3 FM Suðurland
- FM 96,7 Létt Bylgjan
- FM 97,7 X-ið
- FM 98,9 Bylgjan
- FM 99,4 Útlarp Saga
- FM 102,2 Útlarp Latibær
- FM 102,9 Lindin
- FM 105,5 Útlarp Boðun



VILDARÞJÓNUSTUTILBOÐ Í HREYFINGU

VILDARÞJÓNUSTA BYRS



Kynntu þér kostina á byr.is

Gefðu þér tíma fyrir það sem skiptir máli

Heilsan skiptir öllu máli. Þess vegna fá viðskiptavinir **Vildarþjónustu Byrs** frítt vikukort hjá **Hreyfingu** og **20% afslátt af Betri aðild** með margs konar fríðindum. Komdu í Hreyfingu – glæsilega líkamsræktarstöð með einstakri Blue Lagoon slökunaraðstöðu.



BYR | Sími 575 4000 | www.byr.is

Vertu í **Vildarþjónustu Byrs** og fáðu aukin fríðindi, persónulega þjónustu og sjálfvirkar lausnir sem veita þér betri yfirsýn yfir fjármálin. Þannig færðu tíma fyrir það sem skiptir máli. Að auki færðu ýmis sértíloð hjá samstarfsaðilum.



Sýningar í Austurbæ

Miðasala á midi.is





„Morgunmaturinn er uppáhaldsmáltíðin mín. Ég fæ mér yfirleitt berjasmoothie, brauð með osti og kaffi.“

Halldóra Traustadóttir, framkvæmdastjóri Kvenréttindafélags Íslands.

Mundi og Jói hanna Airwaves-bolina í ár

Fatahönnuðurinn Mundi og ljósmyndarinn Jói Kjartans hanna saman sérstaka stuttermaboli fyrir Airwaves-tónlistarhátíðina.

Bolirnir eru fánlegir í fjórum mismunandi útgáfum og eru myndirnar sem prýða bolina allar teknar af Jóa. „Bolirnir eru svart/hvítir og skemmtilegir að því leyti að þegar þú klæðist þeim þá er eins og þú sért manneskjan á myndinni, höfuðið á þér kemur upp úr hálsmáli manneskjunnar á myndinni,“ útskýrir Jói. Myndirnar sem prýða bolina voru allar teknar á Airwaves í fyrra og er ein af gítarleikara, önnur af saxófónleikara, þriðja af ljósmyndara og sú fjórða af trommara.

Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Jói kemur að hönnun Airwaves-bolanna því myndir eftir hann prýddu einnig bolina í fyrra. „Það



FLOTTIR BOLIR Airwaves-bolirnir eru fánlegir í fjórum mismunandi útgáfum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

var mynd af Munda á einum bol í fyrra þannig að það er svolítið skemmtilegt tilviljun.“

Jói hefur verið duglegur við að mynda skemmtanaglaða borgarbúa undanfarin ár og hyggst halda uppþeknum hætti yfir hátíðina. „Það væri ekki leiðinlegt að geta tekið nokkrar myndir af fólki sem klæðist þessum bolum – kannski það verði hægt að nota þá mynd á boli næsta árs.“ - sm



HANNA BOLI Jóhannes Kjartansson og Mundi hanna saman Airwaves-boli þessa árs.

Miele

www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár. Miele þvottavélar og þurrkarar eru framleidd til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop
Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hággæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is



TÓNLISTARPAR Pætur spilar tónlistina en Ósk sér um kynningarmálin. Hann flutti til Íslands eftir að þau byrjuðu saman.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

PÆTUR ZACHARIASSON: KOM ÞEGAR KLÁRU ÍSLENDINGARNIR FÓRU

Elti kærustuna til Íslands

„Það er æðislegt að búa á Íslandi – aðeins stærra en Færeyjar og aðeins meira að gerast,“ segir Pætur Zachariasson, söngvari hljómsveitarinnar Zach and Foes.

Pætur er einnig söngvari færøysku hljómsveitarinnar Boys in a Band, sem er í þágu þessa dagana. Hann kemur í fyrsta skipti fram með nýju hljómsveitinni sinni á Iceland Airwaves, en hann flutti til landsins í fyrra þegar hann byrjaði með hinni íslensku Ósk Gunnarsdóttur. „Ég flutti hingað í september í fyrra þegar allir kláru Íslendingarnir fluttu af landi brott, þá kom heimski Færeyingurinn til Íslands,“ segir Pætur og hlær.

Ósk hefur einnig verið viðloðandi tónlistarbransann. Hún vinnur fyrir Iceland Airwaves í ár og starfaði við kynningarmál fyrir ýmsar tónleikahátíðir í Bretlandi í sumar. „Það er gott að vera með

252 hljómsveitir koma fram á Iceland Airwaves-hátíðinni sem hefst í Reykjavík í dag.

svona kærustu þegar maður er í hljómsveit,“ grínast Pætur. „Hún getur séð um vinnuna fyrir mig.“

Pætur starfar á dagvistarheimili, eins og svo margir íslenskir tónlistarmenn. Hann starfaði á leikskóla í Færeyjum áður en Boys in a Band vann alþjóðlegu hljómsveitina Global Battle of the Bands, en í kjölfarið tóku við tímafrek tónleikaferðalög. „Krakkarnir eru svolítið myndnir,“ segir hann. „Ég byrjaði strax að prófa að tala íslensku og hélt að ég væri mjög góður í því. Svo einn daginn segir eitt barnanna við mig: „Pætur, þú

talar svolítið hommlega.“ Ég kom sem sagt til Íslands og tala greinilega hommaíslensku. Ég er búinn að búa í Færeyjum allt mitt líf og búinn að byggja upp macho-orðspor – allir í Færeyjum vita að ég er macho. Svo kem ég til Íslands og er hommi! Þetta var myndið.“

Pætur og félagar í Zach and Foes koma þrisvar sinnum fram á næstu dögum: í Sjoppunni á morgun, á Amsterdam á föstudagskvöld og loks í Norræna húsinu á laugardag. „Þetta verður fyrsta gíggið okkar og það er svolítið langt síðan ég spilaði síðast,“ segir Pætur og viðurkennir að hann sé gríðarlega spennur fyrir því að stíga á svið. „Hljómsveitin er kannski meira íslensk en færøysk. Þetta eru ég og þrír Íslendingar. Þetta er rokk og ról en aðeins út í þjóðlagatónlist. Ég er búinn að hlusta á Johnny Cash og Elvis allt mitt líf.“

atlifannar@frettabladid.is

ICELAND
AIRWAVES
October 13-17
'10

Dagskrá Bókabúðar Máls og menningar

Miðvikudagur 13/10
16.00 Skúli mennski
17.00 Moses Hightower
19.00 Sóley Stefánsdóttir

Fimmtudagur 14/10
15.00 Snorri Helgason
16.00 Nóra
17.00 Útidúr
18.00 Moddi (NO)
19.00 Murder (DK)
20.00 Sykur

Föstudagur 15/10
15.00 Nolo
16.00 Funkanansie
17.00 Orphic Oxta
18.00 Reptile & Retard (DK)
19.00 Lára Rúnar
20.00 Valdimar

Laugardagur 16/10
15.00 Of Monsters & Men
16.00 Klassart
17.00 Save Public
18.00 Prinspóló

Tappað af Jakobi Frímanni

„Sennilega er viss skynsemi fölgín í því að tappa af mér áður en það fennir mikið yfir fortíðina,“ segir Jakob Frímánn Magnússon, tónlistarmaður og miðborgarstjóri, aðspurður en frést hefur að rithöfundurinn Þórunn E. Valdimarsdóttir hafi undanfarið rakið garnirnar úr Jakobi og fest á blað minningar hans frá litríkri ævi. Jakob tekur þó skýrt fram að fundir hans með Þórunni fari fram án skuldbindinga um útgáfu.

„Hvort og hvenær þessar minningar verða gefnar út er algjörlega látið liggja milli hluta, en Þórunn er hörkufinn rithöfundur sem hefur skrifað margar af bestu ævisögum Íslendinga,“ segir hann. „Óskum hennar um samtöl var því erfitt að svara öðruvísi en játandi.“

Ljóst er að eftirspurn eftir sögum Jakobs úr barnæsku, tónlistarbransanum, stjórnmálum og fleiru er fyrir hendi, til dæmis meðal poppfræðinga eins og Dr. Gunna, sem nýverið lét í ljós eindreginn áhuga á að lesa slíka bók. „Mér hefur ætíð fundist það harðfullorðinna að senda frá sér æviminningar, en ég upplifi mig sem ungan mann sem er í raun nýbyrjaður. Mögulega helst það í hendur við það að ég á þriggja ára gamalt barn og mér yngri konu, en kannski heldur tónlistin mönnum síkeikum,“ segir Jakob og viðurkennir að efniviðurinn sé að líkindum nægur í góða bók. „Mér líður stundum eins og ég hafi lifað mörg líf í nokkrum löndum. Þetta hefur oft verið skrautlegt og yfirleitt skemmtilegt.“

- kg



LITRÍK ÆVI Jakob Frímánn segist verða að vera sannfærður um að tímabært sé að senda frá sér ævisögu áður en til útgáfu komi. „Maður veit aldrei hvað gerist þegar maður sendir frá sér æviminningar.“




**STÓRA
RÝMINGAR-
SALAN**
13.-15. okt.

Ekki missa af þessu. Fyrstur kemur - fyrstur fær!

HELLINGS AFSLÁTTUR

af völdum hellum og steinum
á heilum brettum.

Lagersalan hefst miðvikudaginn 13. október
að Hringhelli 2 í Hafnarfirði.



Allar hellur
Steypustöðvarinnar eru
framleiddar samkvæmt
viðurkenndum stöðlum.

ALLT AÐ
40%
AFSLÁTTUR
af völdum
vörum

25%
AFSLÁTTUR AF
ÖLLUM ÖÐRUM
VÖRUM



STEYPUSTÖÐIN
STERKARI LAUSNIR

Hringhelli 2
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Malarhöfða 10
110 Reykjavík

sími 4 400 400
www.steypustodin.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VISIR.IS

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingaeyðsla: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja



Póst:húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

LÖGRÉTTA
Félag laganna við Háskólann í Reykjavík

ÓKEYPIS LÖGFRÆÐIRÁÐGJÖF
LÖGFRÓÐUR – LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA LÖGRÉTTU

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
Menntavegi 1 | 101 Reykjavík
Afgreiðslutími miðvikudaga frá kl. 17:00–20:00
Sími 777 8409
logfrodur@ru.is
http://logfrodur.hris/

FRÉTTIR AF FÓLKI

Endurtaka leikinn

Vinsældir Páls Óskars Hjalmtýssonar komu bersýnilega í ljós þegar tilkynntir voru væntanlegir tónleikar hans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands í nóvember. Uppsett er á ferna tónleika Páls og Sinfó og þurftu margir frá að hverfa. Ekki er öll nótt úti því nú heyrir að frágengið sé að Páll og Sinfóníuhljómsveitin leiði aftur saman hesta sína á næsta ári.



Stjörnuleikfimi

Þeir eru margir sem fara að huga að heilsunni þegar hausta tekur og fullt er út úr dyrum í líkamsræktarstöðvum. Partíljónin og plötusnúðarnir Margeir Ingólfsson og Jón Atli Helgason eru farnir að stunda hina merku stjörnuteygjuleikfimi Pilates. Plötusnúðarnir fetta sig og bretta hjá dansaranum Ástrósu Gunnarsdóttur í tímum sem hún kallar Ekta Pilates og feta þar með í fótspor Hollywood-stjarna á borð við Gwyneth Paltrow og Madonna sem stunda leikfimina af kostgæfni.



Mest lesið VISIR.IS

- 1 Brotist var inn á skrifstofu Lindu Pétursdóttur í Baðhúsinu ...
- 2 Flugmýs gera innrás í Færeyjar
- 3 Fjárdrátturinn mikið áfall fyrir Hvítasunnukirkjuna
- 4 Brotist inn í Baðhúsið
- 5 Gríðarlegt tjón í bruna í Hafnarfirði
- 6 Fannst meðvitundarlaus í tanki við Strandgötu

Fréttablaðið er með **180%** meiri lestur en Morgunblaðið.



Allt sem þú þarft...

Meðallestur á töluþláð, höfuðborgarsvæðið, 18–49 ára. Könnun Capacent í febrúar til apríl 2010.

Samsung GALAXY 5



Vertu með böndin á hreinu

– Netíð í símanum frá 490 kr. á mánuði.



Vertu með Ring á Airwaves!



www.facebook.com/ringjarar

RING TILBOÐ

1.000 kr. inneign á mánuði í 12 mánuði fylgir.

Samsung Galaxy 5

0 kr. útborgun m.v. 12 mánaða greiðsludreifingu eða 12x2.990 kr. og á leggst 250 kr. dreifingargjald.

Android 2.1 sími sem fer ótrúlega vel í vasa og er á frábæru verði. Síminn styður 3G, 3GL er Quad-band með WiFi og GPS



VERTU MEÐ